

# **Viðbótarskýrsla við fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2020**

Samstarfsaðilar

Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Heimili og skóli – landssamtök foreldra,  
Landssamtökin Proskahjálpi, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés,  
Ungmennafélag Íslands, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið

---

**Viðbótarskýrsla við fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til  
Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2020**

**Ritstjórn**

Eva Bjarnadóttir, UNICEF á Íslandi

Margrét Steinarsdóttir, Mannréttindaskrifstofa Íslands

Þóra Jónsdóttir, Barnaheill – Save the Children á Íslandi

**Prófarkalestur**

Berglind Steinsdóttir

**Umbrot**

Anna Helgadóttir

---

## EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>I: Almennar ráðstafanir varðandi framkvæmd (Greinar 4, 42, 44 (6))</b> .....	<b>6</b>
Innleiðing Barnasáttmálans (4. grein) .....	6
Umboðsmaður barna og sjálfstæð mannréttindastofnun (4. grein) .....	8
Aðgengi að skýrslum Íslands til nefndarinnar (44 (6)) .....	8
Samvinna við frjáls félagasamtök (4. grein) .....	8
<b>II: Skilgreining á hugtakinu barn / III: Almennar meginreglur (Greinar 1, 2, 3, 6 og 12)</b> .....	<b>10</b>
Jafnræði (2. grein) .....	10
Það sem barninu er fyrir bestu (3. grein) .....	11
Réttur til lífs og þroska (6. grein). .....	12
Virðing fyrir skoðunum barna (12. grein) .....	12
<b>IV: Borgaraleg réttindi og frelsi (Greinar 7, 8 og 13-17)</b> .....	<b>15</b>
Skráning við fæðingu, nafn og þjóðerni (7. grein). .....	15
Sjálfsmynd (persónuleg auðkenni) (8. grein). .....	15
Tjáningarfrelsi og réttur til upplýsinga (13. og 17. grein) .....	15
Skoðana- og trúfrelsi (14. grein) .....	16
Friðhelgi einkalífs (16. grein) .....	16
<b>V: Ofbeldi gegn börnum (Greinar 19, 24 (3), 28 (2), 34, 37a, 39)</b> .....	<b>17</b>
Ofbeldi og vanræksla (19. grein).....	17
Aðgerðir gegn skaðlegum hefðum (24. grein).....	19
Kynferðisleg misnotkun og kynferðisofbeldi (34. grein) .....	19
Pyndingar og aðrar refsingar, þ.m.t. líkamlegar refsingar (37. og 28. grein) .....	20
Aðgerðir til að stuðla að líkamlegum og andlegum bata barna sem verða fyrir ofbeldi (39. grein) .....	20
Forvarnir og fræðsla (19. og 42. grein) .....	21
<b>VI: Fjölskylduumhverfi og fóstur (Greinar 5, 9-11, 18 (1, 2), 20, 21, 25, 27 (4))</b> .....	<b>23</b>
Fjölskylduumhverfi og leiðbeiningarskylda foreldra (5. grein).....	23
Aðskilnaður og tengsl við foreldra (9. grein).....	23
Fjölskyldusameining (10. grein) .....	24
Aðstoð við foreldra (18. grein) .....	24
Umönnun utan fjölskyldu (20. grein).....	25

<b>VII: Fötlun, grundvallarheilbrigðisþjónusta og félagsþjónustan</b>	
<b>(Greinar 6, 18, 23, 24, 26, 27, 33)</b> .....	<b>26</b>
Fötluð börn (23. grein) .....	26
Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta (24. grein) .....	29
Aðgerðir til að vinna gegn fátækt og ójafnrétti (27. grein) .....	30
<b>VIII.: Menntun, tómstundir og menningarmál (Greinar 28, 29 og 31)</b> .....	<b>32</b>
Réttur til menntunar (28. grein) .....	32
Markmið og gæði menntunar (29. grein) .....	32
Hvöld, leikur, tómstundir, afþreying, menning og listræn starfsemi (31. grein) .....	33
<b>IX: Sérstök vernd (greinar 22, 30, 32, 33, 35, 36, 37 b-d, 38-40)</b> .....	<b>35</b>
Börn sem flóttamenn (22. grein) .....	35
Minnihlutahópar (30. grein) .....	35
Vinnuvernd (32. grein) .....	36
Frelsisvipting (37. grein c) .....	36

**UMFÍ**



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

unicef   
fyrir öll börn



**S A F T**  
SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI | [www.saft.is](http://www.saft.is)



## INNGANGUR

Skýrsla þessi er afrakstur tímamótasamstarfs níu félagasamtaka sem fjalla um réttindi barna með einum eða öðrum hætti. Þau eru: Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Heimili og skóli, Landssamtökin Þroskahjálpar, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés, Ungmennafélag Íslands, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið. Við gerð skýrslunnar var víðtækt samráð haft við önnur félagasamtök sem veitti enn betri innsýn í stöðu mannréttinda barna á Íslandi.

Ísland lögfesti Barnasáttmálann árið 2013 og er þessi skýrsla viðbótarskýrsla við 5. og 6. skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu og framfylgd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins á Íslandi (Barnasáttmálans). Eins og skýrslan sýnir hefur margt þróast í rétta átt á þeim áratug sem liðinn er frá því að 3. og 4. skýrslu Íslands var skilað til Barnaréttarnefndarinnar. Þó er heilmargt sem enn þarf að bæta úr svo börn á Íslandi verði talin njóta allra sinna réttinda samkvæmt Barnasáttmálanum. Má þar nefna sérstaklega stöðu fatlaðra og langveikra barna, barna af erlendum uppruna og barna sem búa við hvers kyns ofbeldi.

Skýrslunni er ætlað að veita íslenska ríkinu gagnlegt aðhald og vísbendingar um hvar og hvernig skorti á að þjónusta við börn sé fullnægjandi og því eru settar fram tillögur að ýmsum úrbótum um einstök réttindi barna. Skoðunum barna eru gerð skil í skýrslu sem hópur barna og ungs fólks vann með fjárhagslegum stuðningi þeirra félagasamtaka sem að þessari skýrslu koma.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands  
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar  
Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi  
Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi  
Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimili og skóla – landssamtaka foreldra  
Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Victor Berg Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi  
Puríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands



Samfés, samtök  
félagsmiðstöðva  
á Íslandi  
Kt. 650686-1799

---

# I: ALMENNAR RÁÐSTAFANIR VARÐANDI FRAMKVÆMD (GREINAR 4, 42, 44 (6))

## Innleiðing Barnasáttmálans (4. grein)

### A. Fyrri athugasemdir nefndarinnar

Fyrri athugasemdir nefndarinnar stuðluðu að margvíslegum framfaramálum á sviði réttinda barna. Hins vegar er enn margt eftir ógert og eftirfylgnin engin. Mjög skortir á stefnumótun um innleiðingu Barnasáttmálans og engin heildstæð eða þverfagleg vinna hefur verið lögð í að rýna og koma fyrri athugasemdum í framkvæmd.

*Mælt er með að stjórnvöld byggji stefnu sína á athugasemdum nefndarinnar og tryggji eftirfylgni.*

### B. Þriðja valfrjálsa bókunin við Barnasáttmálann

Fulltrúar fimm flokka á Alþingi hafa í þrígang lagt fram þingsályktunartillögu um að Ísland fullgildi þriðju valfrjálsu bókunina við Barnasáttmálann, en málið hefur hingað til ekki fengið umfjöllun þingsins.

*Mælt er með að bókunin verði samþykkt og innleidd í samráði við börn og sérfræðinga í málefnum barna.*

### C. Lögfesting Barnasáttmálans

Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013. Í kjölfarið hefur lögum verið breytt til samræmis við sáttmálann. Hins vegar hefur ekki verið gerð landsáætlun um innleiðingu sáttmálans í framkvæmd. Slík áætlun ætti að fela í sér fræðslu til allra sem vinna með börnum og fjalla um málefni barna. Einnig þarf að formfesta ákvörðunartökuferla, sem tryggja að hagsmunir barns séu ávallt metnir og að barn hafi tækifæri til að tjá sig.

*Mælt er með að stjórnvöld samþykki landsáætlun um innleiðingu Barnasáttmálans í framkvæmd í samráði við börn og sérfræðinga í málefnum barna.*

### D. Skilvirkt innleiðingarkerfi

Nefndin ráðlagði stjórnvöldum að setja á fót skilvirkt og varanlegt kerfi, sem hefur það hlutverk að samræma innleiðingu réttinda barna innan allra stofnana á öllum sviðum. Þetta kerfi ætti að hafa yfir að ráða mönnun, tækni og fjárráð til að innleiða stefnu um réttindi barna sem er alhliða, samfelld og samræmd á landsvísu, svæðisbundið og í sveitarfélögum.

*Mælt er með að stjórnvöld setji á fót þverfaglega stofnun, sem hafi samræmingarhlutverk varðandi framkvæmd Barnasáttmálans í stjórnáætlunni og á sveitarstjórnarstigi, sem tekur mið af gagnöflun umboðsmanns barna og annarra, ásamt því að bera ábyrgð á framkvæmd.*

### E. Barnvæn fjárlagagerð

Barnaréttarnefndin mælti með því að niðurskurði í mennta- og heilbrigðismálum yrði hætt og að stjórnvöld settu á fót barnvæna fjárlagagerð, með það að markmiði að fylgjast með og meta fjárútlát til barna. Niðurskurðurinn sem átti sér stað í efnahagshruninu hefur ekki gengið að fullu til baka og hefur ábati síðustu ára því ekki skilað sér að fullu til þjónustu við börn. Bitnar það m.a. á menntakerfinu og aðstæðum til kennslu í skóla án aðgreiningar.

*Mælt er með að stjórnvöld setji á fót barnvæna fjárlagagerð, sem meti fjárútlát ríkisins út frá því sem börnum er fyrir bestu.*

---

## F. Gagnasöfnun og gagnaöflunarkerfi

Nefndin hvatti stjórnvöld til þess að búa til víðtækt kerfi gagnaöflunar og gagnagreiningar til þess að meta árangur við að bæta réttindi barna. Árið 2018 fékk umboðsmaður barna það hlutverk að afla og miðla gögnum um aðstæður barna og stöðu tiltekinna hópa hverju sinni í samvinnu við ýmsa aðila. Þau gögn skulu lögð til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna á öllum stigum stjórnsýslunnar í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans. Um jákvæðar breytingar er að ræða, en embætti umboðsmanns hefur ekki getað sinnt hlutverki sínu vegna fjárskorts. Þá hefur félags- og barnamálaráðuneytið tekið yfir þróun mælaborðs um stöðu barna og stefnir að því að gera mælaborðið aðgengilegt öllum sveitarfélögum.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggji fjármögnun víðtækari starfsemi umboðsmanns barna, s.s. gagnaöflun og gagnagreiningu, og tryggi að gagnaöflun meti stöðu allra barna án mismununar, sérstaklega barna sem tilheyra jadarhópum. Mikilvægt er að tryggja aðgengi að þeim upplýsingum sem aflað er og að upplýsingar séu nýttar til að bæta þekkingu á stöðu barna. Þá er mikilvægt að afla upplýsinga um stöðu barna í jadarhópum.*

## G. Hækkun framlaga til þróunarsamvinnu

Nefndin hvatti stjórnvöld til þess að hækka framlög til þróunarsamvinnu í 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu. Stjórnvöld stefna á að framlög til þróunarsamvinnu verði 0,35% af vergum þjóðartekjum eftir fjögur ár (2022). Meðaltal aðildarríkja Þróunarsamvinnunefndar OECD er 0,32%, en helstu samanburðarríki Íslands, Svíþjóð, Danmörk og Noregur, hafa þegar náð alþjóðlegum markmiðum um 0,7%. Athygli vekur að á árinu 2017 fór nærri þriðjungur af öllum framlögum til þróunarsamvinnu til umönnunar og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk á Íslandi.<sup>1</sup> Meðaltal framlaga til flóttafólks innan OECD-ríkjanna var tæplega 10% árið 2017 en hjá Íslandi var hlutfallið 32,4%.

*Mælt er með að Ísland hraði hækkun framlaga til þróunarsamvinnu og setji stefnu um hvenær 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu verði náð og að opinberri þróunaraðstoð verði ekki varið til þjónustu og aðstoðar við umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk á Íslandi, heldur verði sú þjónusta fjármögnuð með öðrum leiðum.*

## H. Þróunarverkefni í þágu barna

Íslensk stjórnvöld styðja við ýmis þróunarsamvinnuverkefni sem varða börn. Í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkis- og alþjóðamál fyrir árin 2017–2018 kemur fram að stjórnvöld styðja við alþjóðastofnanir og borgaraleg samtök sem vinna að réttindum barna. Í skýrslunni er þó ekki gerð grein fyrir stefnu stjórnvalda um að bæta réttindi barna, rétt eins og gert er í jafnréttismálum.

*Mælt er með að stjórnvöld móti sér stefnu um þróunarsamvinnu og réttindi barna.*

## I. Barnvæn sveitarfélög

Akureyri var fyrsta sveitarfélagið sem skuldbatt sig til þess að innleiða Barnasáttmálann í samstarfi við UNICEF á Íslandi og hafa tvö önnur sveitarfélög bæst í þann hóp, Kópavogur og Hafnarfjörður. Þá hefur Reykjavíkurborg ráðið starfsmann í sérstakt stöðugildi um innleiðingu Barnasáttmálans. Staða innleiðingar Barnasáttmálans á sveitarstjórnarstigi hefur ekki verið rannsökuð sérstaklega.

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við innleiðingu Barnasáttmálans í sveitarfélögum og að staða þekkingar og innleiðingar Barnasáttmálans á sveitarstjórnarstiginu verði könnuð.*

## J. Fjölskyldustefna

Stjórnvöld hafa ekki sett sér stefnu í málefnum fjölskyldna, þrátt fyrir að vinna hafi verið lögð í mótun slíkrar stefnu í samstarfi við hagsmunaaðila á árunum 2015–2016. Sú stefna var lögð fram á Alþingi en málið kláraðist ekki. Markmið fjölskyldustefnunnar var að Barnasáttmálinn yrði innleiddur í alla löggjöf og framkvæmd.

*Mælt er með byggt verði á fyrri vinnu og að stefnan verði samþykkt og komist til framkvæmda.*

---

## Umboðsmaður barna og sjálfstæð mannréttindastofnun (4. grein)

### A. Kvörtunarleið

Nefndin ráðlagði stjórnvöldum að fela umboðsmanni barna það hlutverk að taka á móti kvörtunum barna og sjá til þess að kvörtunarferlið sé áhrifaríkt og að börn þekki ferlið. Umboðsmaður Alþingis hefur nú þegar sambærilegt hlutverk en börn þekkja ekki ferlið og það er ekki barnvænt, frekar en aðrar kæruleiðir í íslensku stjórnkerfi.

*Mælt er með að stjórnvöld bæti aðgengi barna að kæruleiðum og að umboðsmaður Alþingis geri kærufjerli sitt barnvænt og kynni fyrir börnum.*

### B. Sjálfstæð mannréttindastofnun

Það er nauðsynlegt að setja á fót sjálfstæða mannréttindastofnun á Íslandi. Hingað til hefur Mannréttindaskrifstofa Íslands, sem rekin er af frjálsum félagasamtökum, sinnt störfum mannréttindastofnunar með óviðunandi aðstoð frá ríkinu. Fyrirkomulagið bitnar á eftirliti með mannréttindabrotum á Íslandi og almennri umræðu um stöðu mannréttinda.

*Mælt er með að stjórnvöld setji á fót óháða mannréttindastofnun, sem hafi umsjón með framkvæmd mannréttinasáttmála sem Ísland hefur undirgengist og efla meðvitund og umræðu um mannréttindi á Íslandi.*

## Aðgengi að skýrslum Íslands til nefndarinnar (44 (6))

### A. Þýðingar og kynning á skýrslum til Barnaréttarnefndar

Stjórnvöld hafa ekki þýtt skýrslur sínar til nefndarinnar í heild yfir á íslensku. Lokaathugasemdir nefndarinnar voru þýddar yfir á íslensku og birtar tímabundið á heimasíðu stjórnvalda, en eru ekki aðgengilegar þegar þetta er skrifað. Skýrslurnar hafa því ekki verið gerðar aðgengilegar almenningi og efni þeirra ekki kynnt börnum eða þeim sem starfa með börnum sérstaklega.

*Mælt er með að skýrslur nefndarinnar verði þýddar og kynntar almenningi, ásamt lokaathugasemdum nefndarinnar. Þá verði útbúið barnvænt efni um helstu niðurstöður og kynnt börnum.*

## Samvinna við frjáls félagasamtök (4. grein)

### A. Samstarfsvettvangur stjórnvalda á sviði mannréttinda

Stjórnvöld settu á fót samstarfsvettvang um mannréttindi innan Stjórnarráðsins, sem hefur umsjón með skýrslugerð vegna mannréttindaskuldbindinga Íslands og á í samráði við frjáls félagasamtök og almenning. Í tengslum við gerð 5. og 6. skýrslu stjórnvalda til Barnaréttarnefndarinnar var haft samráð við helstu félagasamtök sem koma að málefnum barna og við hóp ungmenna. Samstarfið við ungmennin leiddi til útgáfu barnaskýrslu stjórnvalda.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi áframhaldandi virkni samstarfsvettvangsins og tryggi samráð við frjáls félagasamtök og almenning, þ.m.t. börn.*

### B. Ábyrgð á málefnum barna

Málefni barna eru ekki á einni hendi í íslenskri stjórnsýslu heldur eru dreifð milli ráðuneyta sem stundum skapar óljósa ábyrgð. Eftir að ný skrifstofa félags- og barnamálaráðuneytisins var sett á fót hefur lítið breyst í þeim efnum.

*Mælt er með að styrkja öll ráðuneyti í framkvæmd réttinda barna, samræma aðgerðir innan Stjórnarráðsins og að sköpuð sé skýr ábyrgð á málaflökknum.*



---

### *C. Eftirlit með stöðu barna*

Embætti umboðsmanns barna hefur verið styrkt og umboðsmanni falið skýrara hlutverk við eftirlit með framfylgd Barnasáttmálans og ábyrgð á gagnaöflun um stöðu barna. Þá hefur Velferðarvaktin, sem tók til starfa eftir efnahagshrunið 2008, fylgst með stöðu jaðarsettra barna og starfrækir málefnaþóp um börn. Að vaktinni eiga aðkomu bæði frjáls félagasamtök og stjórnvöld. Fyrir tilstilli vaktarinnar og frjálsra félagasamtaka var m.a. komið á áætlun um gjaldfrjáls námsgögn í grunnskólum um allt land.

---

## II: SKILGREINING Á HUGTAKINU BARN / III: ALMENNAR MEGINREGLUR (GREINAR 1, 2, 3, 6 OG 12)

### Jafnræði (2. grein)

#### A. Mismununarlöggjöf

Á árinu 2018 tóku gildi lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Í þeim lögum eru engin ákvæði sem taka sérstaklega til réttinda barna.

*Mælt er með að bætt verði við lögina ákvæði sem tryggja réttindi barna sérstaklega, rétt þeirra til réttlátrar málsmeðferðar, að þau fái upplýsingar um rétt sinn til jafnrar meðferðar, upplýsingar um hvert þau geti leitað telji þau á sér brotið og rétt þeirra til þátttöku í meðferð máls. Vísast sérstaklega til leiðbeiningarreglna ráðherranefndar Evrópuráðsins um barnvænlega réttarvörslu.*

#### B. Kynþáttafordómar og útlendingafordómar

Á undanförunum misserum hefur ungt fólk stigið fram og lýst fordómum sem það mætir í samfélaginu á grundvelli uppruna síns og útlits. Ungu fólkið hefur lýst aðkastum sem það verður fyrir, óþægilegum spurningum og erfiðleikum á vinnumarkaði vegna erlendra nafna sinna.<sup>ii</sup> Afar lítið er vitað um áhrif kynþáttafordóma og útlendingafordóma á líf barna á Íslandi, eða hversu útbreiddir fordómar gagnvart fólki af erlendum uppruna eru í raun.

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við rannsóknir á umfangi og birtingarmyndum fordóma gagnvart börnum af erlendum uppruna og hvaða áhrif fordómar hafa á líf barnanna. Þá er mikilvægt að stjórnvöld bregðist við neikvæðum áhrifum fordóma með gagnreyndum aðferðum.*

#### C. Mismunun á grundvelli lagalegrar stöðu foreldra

Samkvæmt 102 gr. laga um útlendinga er óheimilt að vísa frá eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi hafi hann frá fæðingu átt óslitna og fasta búsetu á Íslandi samkvæmt þjóðskrá. Þjóðskrá hefur skráð lögheimili barns sem fætt er á Íslandi erlendis í þeim tilvikum þegar foreldrar barnsins eru ekki með heimild til dvalar á landinu. Þannig tekur ákvæði 102 gr. útlendingalaga ekki til barnsins og dæmi eru um að börnum sem hafa fæðst á Íslandi og átt hér óslitna búsetu sé vísað frá eða úr landi ásamt foreldrum sínum.

Fleiri dæmi eru um mismunun á grundvelli lagalegrar stöðu foreldra. Niðurstöður rannsóknar Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmenningsseturs frá árinu 2012 sýndu að þegar annað foreldrið er erlent er algengara að íslenska foreldrið fái fulla forsjá barna við skilnað. Meginreglan er um sameiginlega forsjá, en það á síður við þegar annað foreldrið er erlent. Niðurstöðurnar voru taldar gefa tilefni til frekari rannsókna en ekki hefur fengist fjármagn til þess.<sup>iii</sup>

*Mælt er með að börn sem fæðast á Íslandi séu skráð til heimilis hér á landi og njóti réttinda sinna samkvæmt því. Þá er mælt með því að fjármagn verði veitt til rannsókna á stöðu barna innflytjenda og að embættisfólk verði frætt um inntak Barnasáttmálans og rétt barna.*

#### D. Mismunun á grundvelli búsetu

Mismunun á sér stað í grundvelli búsetu barna. Ríkinu ber að tryggja að sveitarfélög fái nauðsynlegt fjármagn til að standa að minnsta kosti undir þeirri grunnþjónustu sem börn eiga rétt á. Umbodismaður barna hefur bent á að mikill munur er á þjónustu sveitarfélaga hvað varðar eftirlit með dagforeldrum, leikskólagjöld, gjald fyrir

---

skólamat, sérfræðiþjónustu og stuðning við börn í grunnskólum, barnavernd, auk niðurgreiðslu og framboðs á frístundastarfi.<sup>iv</sup> Í þessu sambandi þarf sérstaklega að huga að þjónustu við fötluð börn og börn með sérþarfir.

*Mælt er með að stjórnvöld setji Barnasáttmálann ofar lögum um sjálfstæði sveitarfélaga og samræmi grundvallarþjónustu fyrir börn.*

### **Það sem barninu er fyrir bestu (3. grein)**

#### *A. Mat á því sem barni er yfir bestu*

Nefndin lagði til að mat á því sem barninu er fyrir bestu yrði samþætt og því beitt með sambærilegum hætti í allri lagasetningu og ákvörðunum stjórnvalda og dómstóla, og í allri stefnumótun og verkefnum sem varða börn. Allur lagalegur rökstuðningur ætti einnig að byggja á þessum grunni. Íslensk stjórnvöld hafa ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans, þar sem engar verklagsreglur eða leiðbeiningar hafa verið gefnar út fyrir þá sem taka ákvarðanir varðandi málefni barna, um hvernig eigi að túlka/meta hvað er barni fyrir bestu. Það er bagalegt þar sem merki þessa skorts á leiðbeiningum sjást í ákvörðunum opinberra aðila, þ.m.t. dómstóla. Það veldur því að stjórnvöld taka ekki mið af 3. grein Barnasáttmálans eins og hún hefur verið túlkuð í almennri athugasemd Barnaréttarnefndarinnar nr. 14.

*Mælt er með að settar verði almennar verklagsreglur sem taki mið af kröfum Barnaréttarnefndarinnar um mat á því sem barni er fyrir bestu og ráða má af almennri athugasemd nefndarinnar nr. 14.*

#### *B. Ákvarðanir um alþjóðlega vernd og dvalarleyfi af mannúðarástæðum*

Í lögum eru gerðar ríkar kröfur til stjórnvalda við meðferð á umsóknum barna um alþjóðlega vernd. Stjórnvöld skulu skoða með fullnægjandi hætti hvað sé barninu fyrir bestu og við það mat skal m.a. litið til öryggis, velferðar og félagslegs þroska barnsins. Í ákvörðunum Útlendingastofnunar og í úrskurðum kærunefndar útlendingamála er sjaldan að finna sjálfstætt og einstaklingsbundið mat á því sem barni er yfir bestu, líkt og almenn athugasemd Barnaréttarnefndarinnar nr. 14 gerir ráð fyrir. Gjarnan er gert ráð fyrir að hagsmunir barns fari saman með hagsmunum foreldra en ekki lagt sjálfstætt mat á hvað sé barninu fyrir bestu. Þá er Barnaverndarstofa hagsmunagæsluáðili fylgdarlausra barna og skal samkvæmt lögum skrifa umsögn um mál barns sem fer með mál sitt fyrir kærunefnd útlendingamála. Bent hefur verið á að umsögnin varði ekki það sem barninu sé fyrir bestu, heldur sé eingöngu umsögn um niðurstöðu Útlendingastofnunar.

*Mælt er með að viðunandi mat á því sem barni er fyrir bestu verði bætt í málsmeðferð barna sem sækja um alþjóðlega vernd, þar sem tekið verði mið af einstaklingsbundnum aðstæðum barnsins í hverju og einu tilviki. Stjórnvöld setji skýrt verklag um matið og tryggi fræðslu og þjálfun starfsfólks.*

#### *C. Forsjámál- og umgengnismál*

Nefndin ráðlagði stjórnvöldum að tryggja að í öllum málum sem varða umgengni foreldris við barn sé það sem barninu er fyrir bestu ávallt sett í forgang. Þörf er á viðhorfsbreytingu og að setja verklagsreglur um hvernig meta skuli það sem barni er fyrir bestu meðal þeirra starfsstétta sem sjá um forsjár- og umgengnismál. Oft virðast hagsmunir barna ekki ganga fyrir fari hagsmunir þeirra og fullorðinna ekki saman. Tryggja þarf börnum í öllum tilvikum tækifæri til að tjá sig um eigin málefni. Með dómi Hæstaréttar (mál nr. 703/2017) frá 29. nóvember 2017 var staðfestur sá skilningur að alltaf skuli veita barni tækifæri til að tjá sig.

*Mælt er með að settar verði verklagsreglur sem taki mið af kröfum Barnaréttarnefndarinnar um mat á því sem barni er fyrir bestu í forsjár- og umgengnismálum.*

#### *D Intersex börn*

Í Möltuyfirlýsingu Organization Intersex International Europe segir að núverandi inngríp lækna í líkama intersex barna byggji á þeim hugmyndum að snemmbærar aðgerðir á kynfærum ungra barna komi til með að „draga úr áhyggjum foreldra“ og „draga úr fordómum og tryggja samsömun við rétt kyn“. Þá segir í yfirlýs-

---

ingunni að skurðaðgerðirnar leggi í eðli sínu meiri áherslu á útlit en næmni og kynheilbrigði. Lýtaaðgerðir á kynfærum barna séu jafnframt vafasamar þar sem börn geta ekki veitt upplýst samþykki. Ákvörðun um aðgerð þurfi aftur á móti alltaf að miða við það sem barni er fyrir bestu. Nauðsynlegt er að hætta alfarið slíkum inngrípum í líkama barna og vinna gegn fordómum gegn eðlilegum líkómum intersex fólks. Í lögum um kynrænt sjálfræði sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2019 er ekki tekið á skurðaðgerðum á líkómum intersex barna heldur var málið sett í nefnd. Nefndin á að skila tillögum að úrbótum í júní 2020.

*Mælt er með að fært verði í lög bann við skurðaðgerðum á líkómum intersex barna án samþykkis þeirra.*

## **Réttur til lífs og þroska (6. grein)**

### *A. Dánartíðni*

Áverkar af völdum slysa eru ein algengasta dánarorsök barna og eru algengari á Íslandi en í öðrum ríkjum.<sup>v</sup> Heilaáverkar eru aðaldánarorsök og orsök fötlunar barna og unglinga. Marktæk lækkun varð á nýgengi höfuðáverka á árunum 2012–2018, en hæsta tíðnin er meðal 4–5 ára.<sup>vi</sup>

*Mælt er með að forvarnir og eftirfylgni með höfuðáverkum verði bætt og að skráningar verði samræmdar og aðgengilegar.*

### *B. Umferðarslys*

46 börn létust í umferðinni á árunum 2003–2017 samkvæmt tölum frá Samgöngustofu. Yfir 60% þeirra voru 15–18 ára. Á sama tímabili slösuðust 516 börn alvarlega í umferðinni. Meirihluti alvarlega slasaðra barna er á aldrinum 15–18 ára, en hlutfall þeirra hefur þó minnkað með árunum og hlutfall barna yngri en 15 ára að sama skapi hækkað. Drengir eru í meirihluta þeirra sem slasast alvarlega í umferðinni, en heildarfjöldinn er breytilegur eftir árum. Að meðaltali slasast rúmlega 12.000 börn ár hvert í umferðinni, alvarlega og minniháttar. Hlutfall drengja er ívið hærra, eða um 55%.<sup>vii</sup>

*Mælt er með að umferðaröryggi sé skipulagt með börn í huga og með þátttöku barna, og að meira sé lagt í forvarnir og fræðslu til ökumanna um áhrif streitu á akstursöryggi.*

### *C. Sjálfsvíg*

Sjálfsvíg barna á aldrinum 10–18 ára á árunum 2003–2015 voru 21.<sup>viii</sup> Hlutfall stúlkna er 11%, þ.e. tvær á móti 19 drengjum. Hlutfall kvenna yfir heildina er 34%. Mörg góð verkefni snúa að því að minnka sjálfsvígshættu barna og ungmenna, þar má nefna betra aðgengi að sálfræðingum á heilsugæslustöðvum og ofbeldisforvarna-verkefni.

*Mælt er með að unnið verði markvisst að geðrækt á öllum skólastigum og að leiðum fyrir börn til að segja frá vanlíðan og áföllum verði fjölgað, s.s. með aðgengi að skólasálfræðingum á öllum skólastigum. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögð fagaðila séu með það sem barninu er fyrir bestu að leiðarljósi.*

## **Virðing fyrir skoðunum barna (12. grein)**

### *A. Almenn um virðingu fyrir skoðunum barna*

Viðhorf samfélagsins þarf að mótast í samræmi við rétt barna til að tjá skoðanir sínar. Stjórnvöld þurfa að sýna frumkvæði í að bjóða börnum að tjá skoðanir sínar í öllum aðstæðum. Stjórnvöld bera jafnframt ábyrgð á að fræða almenning um tjáningarrétt barna óháð aldri. Einnig er mikilvægt í lýðræðisríki að börn fái fræðslu og upplýsingar, ásamt þjálfun, í því að mynda sér sínar eigin skoðanir. Sérstaklega skal tryggja aðstoð við börn af erlendum uppruna, fötluð börn og aðra hópa barna sem mæta hindrunum í þátttöku.

Mælt er með að stjórnvöld hafi forgöngu um og séu fyrirmynd í því að bjóða börnum að tjá skoðanir sínar á þeirra forsendum, s.s. að Alþingi sendi ungmennaráðum umsagnarbeiðnir um frumvörp, efla samstarf við ungmennaráð í stefnumótun, kynna ný mál á barnvænu formi og samráði við þá hópa barna sem mál eiga við, ásamt því að fræða foreldra og forsvaraðila um þann rétt.

---

## B. Ungmennaráð sveitarfélaga

Barnaréttarnefndin hefur í ábendingum sínum bent á nauðsyn þess að binda í lög skyldu sveitarfélaga til að setja á stofn ungmennaráð og setja skýrar reglur um starfsemi þeirra og þjónustu við þau. Jafnframt að tryggja að öll börn fái tækifæri til þess að tjá sig. Jákvæð breyting hefur orðið á starfsemi ungmennaráða í sveitarfélögum. Hins vegar kveða lög ekki nægilega skýrt á um ungmennaráð og hlutverk þeirra.

*Mælt er með að lögum verði breytt og stjórnvöldum verði gert skylt að vinna með ungmennaráðum í samræmi við skýrar reglur um starfsemi og þjónustu við þau.*

## C. Ungmennaráð heimsmarkmiða um sjálfbæra þróun

Stjórnvöld hafa bætt töluvert samskipti sín við ungmenni, m.a. með skipun ungmennaráðs heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Ungmenni hafa hins vegar kvartað undan því að þátttaka þeirra sé ekki virt og gefið út hagnýt ráð fyrir ráðamenn þegar bjóða á ungmennum til þátttöku á fundum.<sup>ix</sup>

*Mælt er með að lögum verði breytt og stjórnvöldum gert skylt að vinna með ungmennaráðum í samræmi við skýrar reglur um starfsemi og þjónustu við þau.*

## D. Lýðræði og mannréttindi í skólum

Í aðalnámskrá er fjallað um lýðræði og mannréttindi sem grunnþætti menntunar. Í lögum er nú skylt að hafa skólaráð sem börn eiga sæti í.

Frjáls félagasamtök bjóða jafnframt upp á mannréttindafræðslu. Samþykkt var þingsályktun um fræðsludag um mannréttindi barna sem Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var falið að framkvæma.<sup>x</sup> Fimm sveitarfélög á Íslandi hafa tekið þátt í verkefninu Réttindaskólar UNICEF, Reykjavík, Garðabær, Reykjanesbær, Kópavogur og Akureyri. Markmið verkefnisins er að auka fræðslu um Barnasáttmálann og breyta menningu skólanna í anda Barnasáttmálans. Þá býður Amnesty International mannréttindafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Þá mun umboðsmaður barna, í samstarfi við önnur félagasamtök, standa fyrir barnaþingi annað hvert ár samkvæmt nýjum lögum.

*Mælt er með því að stjórnvöld styrki gerð námsgagna um lýðræði og mannréttindi og að mannréttindi og lýðræði verði samþætt allri menntun kennara. Tryggja þarf að börn sem eiga sæti í skólaráði fái fullnægjandi fræðslu og stuðning til þess að sinna hlutverki sínu.*

## E. Miðlalæsi

Miðlalæsi er lykilatriði til að viðhalda lýðræði. Markmið fjölmiðlalæsis eða miðlalæsis er að auka skilning á ólíkum skilaboðum í fjölmiðlum. Það á að hjálpa notendum að bera kennsl á hvernig skilaboðum er komið áleiðis í gegnum fjölmiðla, hvernig fjölmiðlar eru skoðanamyndandi, hvernig þeir skapa alþýðumenningu og hvernig þeir hafa áhrif á val fólks. Auka þarf fræðslu um miðlalæsi og gagnrýna hugsun til að styrkja börn í að nýta lýðræðislegan rétt sinn og taka upplýstar ákvarðanir.

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við aukna áherslu á miðlalæsi í uppeldi og námi barna.*

## F. Lækkun kosningaaldurs

Á Alþingi lögðu fulltrúar sex flokka fram lagafrumvarp um lækkun kosningaaldurs sem hefði veitt 16 ára og eldri rétt til þátttöku í sveitarstjórnarkosningunum 2018. Frumvarpið náði því miður ekki fram að ganga þar sem tekist var á um gildistíma laganna, en mikilvæg umræða átti sér stað um þátttöku barna.

*Mælt er með því að frumvarpið verði lagt fram að nýju og samþykkt með breyttum gildistökutíma.*

---

### G. Réttur barna til að tjá sig

Misbrestur var á því að börn fengju að tjá sig í forsjár- og umgengnismálum en með dómi Hæstaréttar frá 29. nóvember 2017 var staðfestur sá skilningur að alltaf skuli veita barni tækifæri til að tjá sig. Aftur á móti segja núverandi skilyrði barna- og barnaverndarlaga að veita skuli barni sem náð hefur nægilegum þroska tækifæri til að tjá sig um eigin málefni í forsjár- og umgengnismálum. Það er mistúlkun á 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að meta eigi þroska barns áður en það fær tækifæri til að tjá sig. Sáttmálinn kveður skýrt á um að öll börn, sem myndað geta eigin skoðanir, eigi rétt á að tjá sig frjálstlega og skal réttmætt tillit tekið til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Barni skal veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annað hvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist málmeðferðarreglum hverju sinni. Afar mikilvægt er að gæta að því að börn sem vegna fötlunar eða einhvers konar skerðingar þurfa sérstaka nálgun eða aðstoð fái hana.

*Mælt er með því að fordæmi dóms Hæstaréttar verði fylgt hjá sýslumannsembættum og fyrir dómstólum almennt. Jafnframt er mælt með að barnalögum og barnaverndarlögum sé breytt til samræmis við tilgang og efni 12. og 13. greinar Barnasáttmálans og að fagfólk fái fræðslu um inntak réttar barna til að tjá sig um eigin málefni.*

### H. Réttur barns til að tjá sig í sáttameðferð

Í barnalögum er réttur barns til að tjá sig við sáttameðferð vegna forsjár- eða umgengnisdeilu foreldra háður mati á því hvort framburður þess hafi þýðingu fyrir úrslit málsins. Það ætti hins vegar ávallt að veita barni tækifæri til að tjá sig um málefni sem það varðar.

*Mælt er með að skilyrði þetta verði fellt út.*

---

## IV: BORGARALEG RÉTTINDI OG FRELSI (GREINAR 7, 8 OG 13-17)

### Skráning við fæðingu, nafn og þjóðerni (7. grein)

#### A. Skráning á börnum útlendinga

Börn sem fæðast hér á landi og eiga foreldra sem ekki eru með dvalarleyfi eru skráð til heimilis erlendis. Í byrjun árs 2020 staðfesti Landsréttur að þjóðskrá megi skrá þennan hóp barna til heimilis í ríki sem þau hafa ekki komið til og staðfesta þannig rétt stjórnvalda til að mismuna börnum ef þau tilheyra tilteknum hópi. Afleiðingar þessarar stjórnvaldsákvörðunar eru margvíslegar fyrir viðkomandi börn. Þau njóta ekki sama aðgengis að þjónustu og önnur börn, s.s. gjaldfrjálsrar heilbrigðisþjónustu. Eins njóta þau ekki verndar gegn brottvísun, líkt og aðrir sem fæðst hafa á Íslandi og átt þar óslitna búsetu frá fæðingu samkvæmt þjóðskrá.

*Mælt er með að stjórnvöld láti af þeirri framkvæmd að mismuna börnum á grundvelli lagalegrar stöðu foreldra þeirra eða annarra þátta.*

### Sjálfsmynd (persónuleg auðkenni) (8. grein)

#### A. Skráning á kyni

Nýtt frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði veitir möguleika á kynhlutlausri skráningu.

*Mælt er með að þessi möguleiki komi sem fyrst til framkvæmdar og að almennri fræðslu verði áframhaldið um transfólk og aðra hópa sem kynnu að nýta sér kynhlutlausa skráningu.*

#### B. Upplýsingar um trans- og intersex börn

Skortur er á upplýsingum og rannsóknum á hindrunum sem trans- og intersex börn mæta í skóla, íþrótt- og æskulýðsstarfi, heilsugæslu og félagsþjónustu. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á þessum málaflokkum, þ.e. kynvitund, kynhegðun, kynhneigð og kyneinkenum barna og unglunga. Einnig hefur engu fjármagni verið sérstaklega varið til hagsmunasamtaka hinsegin fólks til rannsókna á málaflokknum.

*Mælt er með að öflun upplýsinga um stöðu trans- og intersex barna verði aukin og stuðningur við rannsóknir og hagsmunafélög efldur.*

### Tjáningarfrelsi og réttur til upplýsinga (13. og 17. grein)

#### A. Börn á flóttu

Breytingar hafa orðið á móttöku barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi eftir að Útlendingastofnun hóf að taka viðtöl við börn ef þurfa þykir, með samþykki foreldra/foreldris. Fleiri börn fá nú áheyrn, en grundvallaratriði er að viðtöl séu framkvæmd af sérfræðingum í málefnum barna, s.s. barnasálfræðingum. Þá hafa fylgdarlaus börn fengið viðtöl í Barnahúsi með sérfræðingi í barnvænni viðtalstækni eftir að ákvörðun hefur verið tekin um aldur þess. Það er að mörgu leyti jákvæð þróun að oftar sé rætt við börn, en í norrænni skýrslu UNICEF um stöðu barna í leit að alþjóðlegri vernd kemur fram að réttur barna, sérstaklega barna sem koma í fylgd með fjölskyldu sinni, til þess að tjá sig um eigin málefni er ekki alltaf virtur.<sup>xi</sup> Hætt er við að staða barna sé ekki metin á einstaklingsbundinn hátt við ákvörðun um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi og að sú meginregla um að barn fylgi foreldri sé látin ráða.

*Mælt er með að barn fái alltaf tækifæri til að tjá sig um eigin málefni eftir þörfum barnsins, hvenær sem er í*

---

ferlinu og óháð samþykki foreldra/foreldris. Börn skulu álitin börn þar til annað hefur komið í ljós og skulu meðhöndluð sem slík. Þá skuli vafi um aldur ávallt metinn umsækjanda í hag, sbr. 1. mgr. 113. gr. útlendingalaga.

## **Skoðana- og trúfrelsi (14. grein)**

### *A. Staða barna í sértrúarhópum*

Ástæða er til að skoða aðstæður barna sem tilheyra sértrúarhópum á Íslandi. Lítið er vitað um ólíkar aðstæður þeirra og áhrif á stöðu þeirra og réttindi.

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við upplýsingaöflun um stöðu barna sem tilheyra mismunandi trúarhópum á Íslandi.*

### *B. Félagafrelsi (15. grein)*

Landssamband ungmennafélaga (LUF) hefur bent á að ríkisskattstjóri neiti að skrá stjórnir félagasamtaka sé einhver stjórnarmeðlima undir 18 ára aldri og telji að ungmenni þurfi að vera lögráða til að sitja í stjórnnum félagasamtaka. Börn eiga sjálfstæðan rétt til þess að stofna og taka þátt í félögum og ber stjórnvöldum að virða rétt þeirra.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi félagafrelsi barna og rétt til þess að bjóða sig fram til stjórnarsetu í þeim félögum sem þau styðja.*

## **Friðhelgi einkalífs (16. grein)**

### *A. Dómabirtingar*

Á heimasíðum dómstóla eru dómur birtir með persónugreinanlegum upplýsingum um börn, s.s. úr sjúkraskrá og jafnvel undir nafni. Börn eiga að njóta friðhelgi einkalífs og eiga rétt á að gleymast á internetinu. Að auki eru dómur birtir í gegnum síðu Fons Juris ehf., tugi ára aftur í tímann. Fons Juris er einkarekið fyrirtæki sem birtir dóma í hagnaðarskyni og geta allir keypt aðgang að dómasafni þess. Helstu áskrifendur eru stjórnvöld og fyrirtæki. Þessi framkvæmd dómstóla og Fons Juris er í andstöðu við lög og alþjóðlegar skuldbindingar, en árið 2017 gerði Persónuvernd dómstólum að afmá upplýsingar úr sjúkraskrá einstaklings í dómi sem birtur var á heimasíðu Hæstaréttar. Nýverið voru settar reglur um dómabirtingar sem eiga að taka á þessu, engu að síður hefur ekkert verið aðhafst til að stöðva dreifingu og afmá dóma sem innihalda viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar. Núverandi framkvæmd er að héraðsdómur þurrka út persónugreinanlegar upplýsingar um börn áður en dómur eru birtir, en Landsréttur og Hæstiréttur hafa ekki tekið upp sambærilegt verklag.

*Mælt er með að dómur þar sem persónugreinanlegar upplýsingar um tiltekin börn eru til staðar verði ekki birtir á internetinu og að dómur sem hafa verið birtir verði teknir af netinu og dreifing þeirra stöðvuð.*

### *B. Samfélagsmiðlar (viðmið til foreldra)*

Frjáls félagasamtök gáfu í samstarfi við umboðsmann barna út viðmið fyrir foreldra varðandi myndbirtingar og birtingar á trúnaðarupplýsingum barna þeirra á samfélagsmiðlum. Mikilvægt er að fræða samfélagið um rétt barna til friðhelgi einkalífs og um rétt þeirra til að hafa skoðun á því hvort um þau sé fjallað eða myndir af þeim birtar á samfélagsmiðlum.

*Mælt er með að stjórnvöld stuðli að forvörnum og fræðslu um rétt barna og samfélagsmiðlanotkun barna og fullorðinna.*

### *C. Fjölmiðlar (viðmið til fjölmiðla)*

Frjáls félagasamtök gáfu í samstarfi við umboðsmann barna út viðmið til fjölmiðla varðandi fréttáflutning og myndbirtingar. Þar var fjölmiðlum leiðbeint um rétt barna til þátttöku í opinberri umræðu og jafnframt um rétt barna til friðhelgi einkalífs.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi reglubundna fræðslu til fjölmiðla um réttindi barna, s.s. um myndbirtingar, friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi.*



---

## V: OFBELDI GEGN BÖRNUM (GREINAR 19, 24 (3), 28 (2), 34, 37A, 39)

### Ofbeldi og vanræksla (19. grein)

#### A. Gagnaöflun um ofbeldi

Samkvæmt tölum sem Rannsóknir & greining vann fyrir UNICEF árið 2019 hefur tæplega eitt af hverjum fimm börnum á Íslandi (16,4%) orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn. Hér er ekki meðtalin vanræksla, andlegt ofbeldi, rafrænt ofbeldi eða einelti, en þá væri talan mun hærri.<sup>xii</sup> Í kjölfar úttektar á ofbeldi gegn börnum á Íslandi árið 2013 fóru stjórnvöld af stað með vitundarvakningu og þverfaglegt samráð á þessum vettvangi. Þá var barnaverndarlögum breytt árið 2009 og líkamlegar refsingar á börnum bannaðar. Reykjavíkurborg setti á fót ofbeldisvarnaráð árið 2016 sem hefur m.a. komið að bættu verklagi lögreglunnar í heimilisofbeldismálum. Sambærilegt ráð hefur verið sett á fót í Hafnarfirði. Þá hafa nokkur sveitarfélög samþykkt samræmda verklagsáætlun um viðbrögð gegn ofbeldi. Í byrjun árs 2020 tilkynntu stjórnvöld um stofnun miðstöðvar sem mun hafa það að markmiði að halda utan um upplýsingar er varða ofbeldi gegn börnum. Miðstöðin mun einnig hafa það hlutverk að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og leggja fram tillögur að mótun stefnu og aðgerða í þessum efnunum og fylgja þeim eftir.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi fjármögnun nýrrar miðstöðvar um ofbeldi til lengri tíma og að sveitarfélög leggi fram samræmda verklagsáætlun um viðbrögð gegn ofbeldi.*

#### B. Vitundarvakning um ofbeldi

Viðhorf í samfélaginu þurfa að miðast við að barnið sé einstaklingur með sjálfstæð mannréttindi, rétt til verndar, viðbragða og viðeigandi úrræða vegna ofbeldis. Starfsfólk sem starfar með eða fyrir börn þarf að þekkja Barnasáttmálann og framfylgja honum í störfum sínum. Þá þarf að upplýsa starfsfólk um þá lagalegu tilkynningarskyldu sem á þeim hvílir ef grunur leikur á um ofbeldi eða vanrækslu barns. Enn er mikil þörf á að fræða og þjálfa foreldra og almenning um mikilvægi réttindamiðaðrar hugsunar í garð barna. Jafnframt eru upplýsingar, sem er safnað um fjölda barna sem búa við ofbeldi, óaðgengilegar.

*Mælt er með aukinni fræðslu um Barnasáttmálann, og tilkynningarskyldu meðal starfsfólks sem starfar með eða fyrir börn ef grunur leikur á um ofbeldi eða vanrækslu barns. Nýta þarf betur tölfræðiupplýsingar sem safnað er og gera aðgengilegar. Stuðla þarf að virku samstarfi allra aðila sem vinna að málaflökknum.*

#### C. Stefnumótun í barnavernd

Sveitarstjórnir eiga að marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun á hverju kjörtímabili. Barnaverndarstofa ætti að kalla eftir áætlunum en hefur ekki gert það og þess vegna er allur gangur á því hvort sveitarfélög samþykki áætlanir í barnaverndarmálum eða ekki.

*Mælt er með að stjórnvöld fylgi betur eftir áætlanagerð sveitarfélaga í barnaverndarmálum.*

#### D. Faglegt starf og eftirlit með barnaverndarnefndum

Eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum hefur sætt gagnrýni, en samkvæmt barnaverndarlögum á Barnaverndarstofa að tryggja samhæfingu og samræmd vinnubrögð barnaverndarnefnda um allt land. Nauðsynlegt er að tryggja faglegt starf barnaverndar um allt land. Á þetta sérstaklega við í málum fylgdarlausra barna í leit að alþjóðlegri vernd hér á landi, en dæmi eru um að fylgdarlaus börn njóti engrar umönnunar á meðan umsóknarferli um vernd stendur yfir. Jafnframt eru fjölmörg dæmi um skort á samstarfi barnaverndarnefnda þegar aðilar barnaverndarmála flytja milli umdæma þeirra.

---

*Mælt er með að eftirlit og samræming á starfsemi barnaverndarnefnda verði eftir til muna. Jafnframt að barnaverndarnefndir verði skipaðar fagfólki og látið verði af pólitískum skipunum. Þá verði gerð úttekt á barnavernd fylgdarlausra barna sem sækja um alþjóðlega vernd.*

#### *E. Ofbeldi og einelti í skólum*

Nýjar rannsóknir á einelti sýna að einelti er samfélagslegt mein, en ekki einstaklingsbundinn vandi og því er mikilvægt að búa börnum umhverfi þar sem einelti fær ekki að þrífast. Mikilvægast er að vinna með forvarnir og hefja þær strax í leikskólum. Vinna þarf með hópinn í heild, foreldra og starfsfólk og tryggja þannig börnum umhverfi þar sem hvert og eitt fær að njóta sín á eigin forsendum og nýtur virðingar. Oft er bent á að einelti í skólum hafi þá sérstöðu að um sé að ræða ofbeldi á milli barna, en rannsóknir sýna að þeir fullorðnu, starfsmenn og foreldrar, taka oft virkan þátt og gefa jafnvel tóninn og þar með samþykki fyrir hegðuninni. Fá einelti að þrífast getur það haft verulegar afleiðingar í för með sér og gerir börn berskjaldaðri fyrir annars konar ofbeldi. Sjálfsmynd barnanna er markvisst brotin niður vegna eineltis. Þrátt fyrir að mikilvægast sé að búa börnum umhverfi umburðarlyndis og að koma í veg fyrir einelti er mikilvægt að börn sem hafa verið þolendur eða þátttakendur í einelti fái viðeigandi stuðning. Stór hluti skóla er með viðbragðsáætlanir gegn einelti, en þrátt fyrir það hefur einelti ekki minnkað í skólum undanfarin ár.

*Mælt er með að meiri áhersla sé lögð á forvarnir sem og lífsleikni og nám í félags- og vináttufærni. Einnig að unnið sé með öllum aðilum að eineltismálum. Auka þarf menntun kennara í barnavernd og vernd barna gegn hvers kyns ofbeldi, m.a. með skylduáfangum um slíkt í námi leik- og grunnskólakennara.*

#### *F. Ofbeldi á heimilum*

Ofbeldi á milli heimilisfólks er ofbeldi gegn barni því að barn er alltaf þolandi ofbeldis þó að það verði ekki sjálft fyrir beinu líkamlegu ofbeldi. Viðhorfsbreyting hefur orðið gagnvart börnum sem búa á heimilum þar sem heimilisofbeldi á sér stað og er nýtt verklag lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar gott dæmi um það. Helsta breytingin var sú að barnaverndarstarfsmaður fer með lögreglu á vettvang til að huga að börnum þar sem ofbeldi hefur átt sér stað.<sup>xiii</sup> Rannsóknir benda til þess að fötlud börn séu líklegri en önnur börn til að verða fyrir ofbeldi og huga þarf sérstaklega að vernd þeirra. Þá sýnir nýleg rannsókn um heimilisofbeldi fram á ýmis sameiginleg einkenni þeirra sem beita ofbeldi.<sup>xiv</sup> Mikilvægt er að reyna að skilja hvaða samfélagslegu þættir hafa áhrif á þessi einkenni og hvernig má vinna gegn því að fólk beiti ofbeldi í nánnum samböndum. Í skýrslunni kemur einnig fram að mikilvægt sé að hafa fræðslufni aðgengilegt á fleiri tungumálum en íslensku til að koma til móts við þau sem vilja leita sér aðstoðar vegna heimilisofbeldis.

*Mælt er með að innleiða verklag lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í öll lögregluumdæmi á landinu og samræma framkvæmd svo öll börn njóti sama réttar án mismununar. Einnig er mælt með að efla forvarnir út frá niðurstöðum rannsókna.*

#### *G. Ofbeldi gegn ungbörnum*

Foreldrafræðsla um vernd gegn ofbeldi á meðgöngu og eftir fæðingu er mikilvæg. Miðstöð foreldra og barna býður upp á slíka fræðslu og stuðning og þar hefur byggst upp mikilvæg reynsla í málaflokknum. Jafnframt hefur það sýnt sig að vinna gegn streitu og álagi í samfélaginu er mikilvæg forvörn.

*Mælt er með að foreldrafræðsla um vernd gegn ofbeldi sé öllum foreldrum að kostnaðarlausu, ásamt því að rekstrargrundvöllur Miðstöðvar foreldra og barna verði tryggður.*

#### *H. Ágreiningur um umgengni við foreldri*

Barn á rétt á umgengni við báða foreldra sína þótt foreldrar búi ekki saman. Mikilvægt er að báðir foreldrar ræki skyldu sína til að viðhalda tengslum barns við foreldri sitt ef vilji barns stendur til þess og það er barninu fyrir bestu. Tálmun á umgengni á sér stað þegar annað foreldrið tálmar umgengni barns við hitt foreldrið. Ágreiningur um umgengni er oft skaðlegur barninu. Rétturinn er barnsins til að njóta stuðnings á heimili sínu, hvort heldur sem er hjá lögheimilisforeldri eða umgengnisforeldri, en jafnframt að tillit sé tekið til skoðana barnsins

---

á umgengni og búsetu hjá foreldrum. Mikilvægt er að barnavernd og sýslumenn kanni til hlítar aðstæður barns á báðum heimilum áður en tekin er ákvörðun um umgengni þar sem ágreiningur ríkir á milli foreldra.

*Mælt er með að barnavernd fái heimildir til að kanna aðstæður á umgengnisheimili, líkt og lögheimili, svo hægt sé að veita stuðning á það heimili ef og þegar barn býr á tveimur heimilum. Þjónusta Barnahúss ætti að standa börnum til boða þegar foreldrar standa í deilum sín á milli, ásamt því að barninu sé skipaður talsmaður.*

#### I. Vanræksla

Flestar tilkynningar sem berast barnavernd eru vegna vanrækslu á börnum. Fræða þarf foreldra um mannréttindi barna, veita foreldrum stuðning og aðgang að úrræðum til að styrkja sig í foreldrahlutverkinu. Stofnanir sem þjónusta börn þurfa að veita meiri stuðning til barna sem eiga foreldra sem ekki hafa forsendur til að aðstoða börn sín og styðja í ákveðnum þáttum, s.s. við nám.

*Mælt er með að gripið sé inn í mál barna sem allra fyrst þegar vísbendingar eru um að fjölskylda þarfnist stuðnings við umönnun barna.*

### Aðgerðir gegn skaðlegum hefðum (24. grein)

#### A. Umskurður á drengjum

Tryggja þarf að umskurðir á drengjum séu framkvæmdir af þar til menntuðum sérfræðingum, s.s. barnalæknum eða skurðlæknum, í öruggu umhverfi sem uppfyllir kröfur um hreinlæti og aðbúnað. Fáir drengir eru umskornir á Íslandi skv. skráningu og upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum og yfirvöldum. Hins vegar þarf að tryggja að öll tilfelli umskurða séu skráð og ástæður aðgerðar. Umskurður er óafturkræf og sársaukafull aðgerð sem er sjaldnast framkvæmd með deyfingu og ætti ekki að framkvæma í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum. Að lágmarki þarf að gefa barninu kost á að taka sjálft ákvörðun um umskurð, þ.e. þegar það hefur náð viðeigandi þroska og þekkingu til að geta tekið upplýsta ákvörðun.

*Mælt er með að settar verði lágmarksreglur um framkvæmd á umskurði drengja í læknisfræðilegum tilgangi. Gefa þarf barninu kost á að taka sjálft ákvörðun um umskurð, þ.e. þegar það hefur náð viðeigandi þroska og þekkingu til að geta tekið upplýsta ákvörðun. Umskurður í trúarlegum tilgangi er hefð sem ætti að hverfa frá, sbr. 3. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans.*

#### B. Barnabréðkaup

Á Íslandi er lítið rætt um barnabréðkaup en á undanförunum tveimur áratugum hafa 18 undanþágur frá aldurskilyrðum hjúskaparlaga til að ganga í hjónaband verið veittar, þar af 17 vegna stúlkna og ein vegna drengs.<sup>xv</sup> Almenn er aldurskilyrði 18 ár, en undanþágur voru veittar á árunum 1998–2018 vegna barna á aldrinum 16–17 ára. Mikilvægt er að fella út undanþáguákvæði sem heimilar barni að ganga í hjónaband með samþykki forsjáforeldris og leyfi ráðuneytis.

*Mælt er með að undanþáguákvæði hjúskaparlaga verði afnumið. Erfitt er að hugsa sér aðstæður í nútímasamfélagi sem kalla á nauðsyn þess að halda slíkri undanþágu í lögum, frá því almenna skilyrði að einstaklingur þurfi að vera 18 ára til að mega ganga í hjónaband.*

### Kynferðisleg misnotkun og kynferðisofbeldi (34. grein)

#### A. Kynferðisofbeldi

Mikil vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu um kynferðisofbeldi gegn börnum. Nokkurt úrval fræðsluefnis hefur verið gefið út og hvatt til notkunar þess í skólum og í frístundastarfi, s.s. í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum. Lög hafa tekið heilmiklum breytingum á undanförunum árum til að tryggja betur refsivernd barna gegn kynferðisofbeldi, sbr. fullgildingu Lanzarote-samningsins, og fjölgaði tilkynningum til barna-

---

verndaryfirvalda í kjölfarið. Aftur á móti hefur sakfellingum í kynferðisbrotamálum gegn börnum ekki fjölgað og heilmikið er óunnið enn í viðhorfsbreytingu og virkni svo koma megi í veg fyrir kynferðisofbeldi. Börn í jaðarhópum eru útsettari fyrir því að verða fyrir ofbeldi, þ.á m. kynferðisofbeldi, og því þarf að vinna betur að jöfnuði á meðal allra barna.

*Mælt er með markvissri vinnu til innleiðingar Lanzarote-samningsins og úttekt á vernd barna gegn kynferðisofbeldi eftir fullgildingu samningsins, þ.m.t. í dómskerfinu, auk rannsókna á birtingarmyndum og umfangi ofbeldisins, samræmds verklags og aukinnar fræðslu.*

## **Pyndingar og aðrar refsingar, þ.m.t. líkamlegar refsingar (37. og 28. grein)**

### *A. Eftirlit með stofnunum þar sem börn dvelja*

Mikilvægt er að tryggja virkt eftirlit með starfsemi þar sem börn eru vistuð tímabundið eða ótímabundið. Tryggja þarf eftirlit með allri umönnun, jafnt líkamlegri sem andlegri. Það á við um öll börn, þ.á m. fötluð börn, börn sem hafa fjölþættan vanda og börn á flóttu. Ný gæða- og eftirlitsstofnun í félagsþjónustu og barnavernd var stofnuð í byrjun árs 2019 og enn á eftir að setja lög sem mæla fyrir um markmið og verkefni stofnunarinnar. Umboðsmaður Alþingis hefur jafnframt eftirlitsskyldu gagnvart öllum stofnunum og stöðum þar sem fólk er í langtímadvöl eða frelsissvipt, í samræmi við viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (CAT).

*Mælt er með að lagaheimildir Gæða- og eftirlitsstofnunarinnar tryggi að hún hafi eftirlit með öllum stofnunum þar sem börn eru vistuð svo ekkert barn falli á milli kerfa. Jafnframt verði stofnuninni og umboðsmanni Alþingis tryggður mannaflí og fjármagn til að sinna virku eftirliti.*

## **Aðgerðir til að stuðla að líkamlegum og andlegum bata barna sem verða fyrir ofbeldi (39. grein)**

### *A. Almennt um afleiðingar áfalla*

Börn sem verða fyrir áföllum, s.s. ofbeldi, missi aðstandenda, slysum eða annars konar áföllum, þurfa stuðning til að vinna úr þeim sem fyrst og á besta mögulega hátt. Langvarandi afleiðingar áfalla eru samkvæmt rannsóknum margvíslegar og eru í auknum mæli taldar helsta orsök þess að börnum farnist ekki vel í lífinu og fram á fullorðinsár. Börn eiga rétt á að vaxa og þroskast á besta mögulega hátt svo þau megi blómstra sem einstaklingar. Mikilvægt er að taka orð barnsins trúanleg og gæta að líðan barns þrátt fyrir að það tjái ekki sjálft vanlíðan. Börn í jaðarhópum eru í viðkvæmari stöðu, s.s. fötluð börn, börn á flóttu og börn af erlendum uppruna.

*Mælt er með að tryggt verði að barn fái áfallahjálp strax í kjölfar áfalls og jafnframt áframhaldandi stuðning sálfræðings eða annars úrræðis sem nýst getur til að vinna úr áfalli.*

### *B. Barnahús*

Afar gott er að nú séu börnum sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi boðin viðtöl og meðferð í Barnahúsi, þó með þeirri undantekningu að börn sem sækja um alþjóðlega vernd hafa ekki sama aðgengi. Hafi þau börn mátt þola ofbeldi áður en þau komu til Íslands fá þau ekki viðtal í Barnahúsi nema í þeim tilvikum þegar þau greina sjálf frá kynferðisofbeldi í viðtali hjá Útlendingastofnun. Efla þarf starfsemi Barnahúss og tryggja nægan fjölda starfsmanna til að anna öllum tilfellum. Þjóða þyrfti fleiri hópum barna þjónustu Barnahúss og þróa hugmyndafræðina um barnvæn viðtöl áfram.

*Mælt er með að stjórnvöld festi starfsemi Barnahúss í lög og að öll börn sem hafa upplifað hvers kyns ofbeldi, vanrækslu eða áföll, þ.m.t. börn foreldra í umgengnis- og forsjárdeilum, börn sem hafa orðið vitni að ofbeldi og börn sem sækja um alþjóðlega vernd, hafi aðgang að þjónustu Barnahúss.*

---

## Forvarnir og fræðsla (19. og 42. grein)

### A. Fræðsla og forvarnir gegn ofbeldi í samfélaginu

Ofbeldisforvarnir virðast enn vera ómarkvissar og lítið sýnilegar. Fræðsla um ofbeldi og orsakir og afleiðingar þarf að fara fram með heildrænum hætti úti í samfélaginu. Margar herferðir hafa þó að undanförunu verið keyrðar af almenningi og félagasamtökum til að hafa áhrif á viðhorf, s.s. #metoo og #sjúkást.

*Mælt er með bættri fræðslu og forvörnum gegn ofbeldi í samfélaginu, auk þess sem bæta þarf yfirsýn yfir hvaða forvarnir eru virkar hverju sinni, með hvaða hætti fræðsla fer fram, hvaða fræðsluefni er í notkun og hvernig notkunin er.*

### B. Heildræn sýn á ofbeldi

Samfélagið þarf að hugsa heildrænt um líf þeirra sem beita ofbeldi og skilja orsakir ofbeldishegðunar og gera einstaklingum sem beita líkamlegu og andlegu ofbeldi kleift að breyta lífi sínu til batnaðar. Með því móti má minnka líkur á að börn verði fyrir ofbeldi.

*Mælt er með að meira verði gert til að veita fólki sem beitt hefur börn ofbeldi ráðgjöf og stuðning, s.s. fjölskylduráðgjöf eða annan viðeigandi stuðning.*

### C. Ógnun, andlegt ofbeldi og hótanir

Skóða þarf vernd barna gegn ógnun, andlegu ofbeldi, áreiti og hótunum frá fólki, öðru en heimilisfólki, s.s. nágrönnum. Engir dómur hafa enn fallið í þess konar máli, enda taka barnaverndarlög aðeins til þeirra sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum. Börn eiga hins vegar rétt á vernd gegn hvers kyns áreiti og hótunum, eins og hver annar.

*Mælt er með endurskoðun á barnaverndarlögum með víðtæka vernd barna gegn ofbeldi og hótunum í huga, að 2. mgr. 1. gr. laganna verði útvíkkuð þannig að hún taki til allra, en ekki aðeins þeirra sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum.*

### D. Menntun fagstétta í ofbeldisforvörnum og ofbeldisviðbrögðum

Mikilvægt er að fræða fólk í fagstéttum, sem vinnur með og fyrir börn, í ofbeldisforvörnum og viðbrögðum til að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi barna. Sérstaklega þarf að líta til barna sem vegna fötlunar eða annarra sérþarfa eru varnarlausari gagnvart ofbeldi, sjálfsskaða eða vanrækslu.

*Mælt er með að menntun kennara, leikskólakennara, heilbrigðisstarfsfólks og allra sem vinna með og fyrir börn innihaldi skyldunámskeið um barnavernd og ofbeldisforvarnir. Þverfagleg vinna þarf að vera til staðar í skólakerfinu bæði vegna forvarna og viðbragða. Koma þarf upp verklagi í öllum sveitarfélögum þar sem þverfaglegt teymi kemur að málum barna sem þurfa sértækan stuðning.*

### E. Fræðsla til starfsfólks barnaverndar um ólíkan menningararf

Efla þarf stöðu þekkingar innan barnaverndar á fjölskyldum með ólíkan menningararf. Hætt er við því að þjónustan nái ekki markmiðum sínum vegna marglaga hindrana, s.s. tungumáls og menningarmunar. Sérstaklega þarf að huga að þjónustu við fötluð börn af erlendum uppruna.

*Mælt er með að starfsfólk í barnavernd fái fræðslu um ólíkan menningararf og að starf þess verði miðað að fjölskyldum með ólíkan menningararf.*

### F. Fjölskyldur af erlendum uppruna með ólíkan menningararf

Mikilvægt er að skoða vel stöðu barna sem hafa erlendan bakgrunn og aðgang þeirra að þjónustu. Sérstaklega þarf að huga að þjónustu við fötluð börn af erlendum uppruna. Hætt er við því að þau verði útundan vegna marglaga hindrana, s.s. tungumáls og menningarmunar.

---

*Mælt er með að fjárfest verði í útgáfu fræðsluefnis sem er aðgengilegt á mörgum tungumálum um þjónustu og réttindi barna á Íslandi.*

#### *G. Aðgengi að hjálparlínunum*

Hjálparlínan 1717 og 1717.is er starfrækt af Rauða krossinum og er aðgengileg öllum óháð aldri. Þá reka Barnaheill ábendingalínu vegna ofbeldisefnis á netinu sem tengist börnum og fara ábendingar til lögreglu. Samhliða reka Heimili og skóli SAFT, vitundarvakningu um betra net, undir merkjum SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, en Rauði krossinn, Barnaheill og ríkislögreglustjóri eru aðilar að því samstarfi sem styrkt er af Evrópusambandinu og þremur ráðuneytum. Verkefnið 1717 er jafnframt sjálfsvígsforvarnaverkefni. Bergið Headspace eru ný frjáls félagasamtök sem hafa sett á fót úrræði fyrir börn og ungmenni sem hafa þörf fyrir fjölbreyttan stuðning og Foreldrahús – Vímulaus æska býður einnig upp á fjölbreytta þjónustu fyrir börn og unglinga og fjölskyldur þeirra.

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við kynningu á framangreindum úrræðum sem og öðrum stuðningsúrræðum sem standa börnum til boða.*

---

## VI: FJÖLSKYLDUUMHVERFI OG FÓSTUR (GREINAR 5, 9-11, 18 (1, 2), 20, 21, 25, 27 (4))

### Fjölskylduumhverfi og leiðbeiningarskylda foreldra (5. grein)

#### A. Fjölskylduvænt samfélag

Til að skapa barnvænt og fjölskylduvænt samfélag þarf að nálgast réttindi barna heildrænt og þverpólitískt, í öllu samhengi, líka efnahags- og viðskiptalega. Ríkið þarf að fá atvinnulífið til samstarfs um að tryggja barn- og fjölskylduvænt samfélag.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi heildræna nálgun á réttindi barna þverpólitískt og á öllum sviðum stjórn-  
sýslunnar.*

#### B. Fræðsla um mannréttindi barna til foreldra

Í 5. gr. Barnasáttmálans er fjallað um að aðildarríki skuli virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra eða lögráðamanna, til að veita barni tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitt réttindum þeim sem viðurkennd eru. Reglan er afar mikilvæg til að tryggja friðhelgi fjölskyldunnar og heimilisins. Það kann þó að virka heftandi og í einhverjum tilfellum skaðlegt fyrir börn sem þola brot gegn sér á heimilum sínum. Fræðsla og kynning á Barnasáttmálanum til foreldra er ekki næg á Íslandi og sérstaklega þarf að auka fræðslu til foreldra barna af erlendum uppruna.

*Mælt er með að stórauka fræðslu um mannréttindi barna til foreldra svo tryggt sé að börn njóti mannréttinda sinna á heimilum sínum. Þjóða þarf upp á almenna foreldrafræðslu fyrir alla foreldra í samstarfi ríkis og sveitarfélaga um réttindamiðað uppeldi.*

#### C. Foreldrasamstarf í skólum

Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra barna að allri þjónustu og stuðningi sem þau hafa rétt á. Til þess er mikilvægt að koma upplýsingum til foreldra á aðgengilegan og skiljanlegan hátt. Setja þarf upplýsingar um þjónustu fyrir börn á aðgengilegan stað fyrir alla foreldra, á þeim tungumálum sem þörf er á. Jafnframt þarf að tryggja aðgengi að upplýsingum fyrir blinda og sjónskerta foreldra sem og foreldra með þroskaskerðingu eða aðrar hindranir. Skólinn er hjartað í hverju samfélagi og því tilvalinn staður til að ná til foreldra.

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við gerð upplýsingaefnis til foreldra sem er aðgengilegt og skiljanlegt öllum og sérstaklega miðað að foreldrum barna af erlendum uppruna.*

### Aðskilnaður og tengsl við foreldra (9. grein)

#### A. Bráðabirgðaforsjá

Málsmeðferðartími vegna bráðabirgðaforsjár er of langur, allt að þrjú mánuðir. Langur málsmeðferðartími viðheldur streitu, óvissu og óöryggi í samskiptum barns við foreldra sína. Of fáir starfsmenn vinna að sífja-  
málum og sáttamiðlun þrátt fyrir að málum fari stöðugt fjölgandi.

*Mælt er með að málsmeðferðartími vegna bráðabirgðaforsjár verði stytur verulega.*

---

## B. Tæknifrjóvgun

Barnaréttarnefndin gerði athugasemd við að mæður sem undirgangast tæknifrjóvgun væru ekki álitnar mæður barnanna í augum laganna. Mikilvægt skref varð við breytingu laga árið 2010 sem tryggir að móðir sem eignast barn við tæknifrjóvgun telst móðir þess.

## C. Sá sem telur sig föður getur höfðað mál

Sá sem taldi sig föður barns gat áður ekki höfðað faðernismál nema barn væri ekki feðrað. Lögum var breytt árið 2018 og var það mikilvægt skref í þá átt að tryggja að barnið þekki báða foreldra sína.

## D. Aðfararúrræði ef dagsektir virka ekki

Börn eru þvinguð til umgengni við foreldri og hefur aðfararúrræðum verið beitt, rökstudd með rétti barns til að þekkja báða foreldra. Það er tímáskekkja að tala um aðför í samhengi við að fjarlægja barn úr aðstæðum. Enn er þessu úrræði beitt þótt sjaldgæft sé.

*Mælt er með því að stjórnvöld breyti verklagi sínu og að aðför verði ekki beitt til að koma á umgengni og ekki nema það samræmist vilja barns.*

## E. Áhrif sáttameðferðar í forsjármálum

Sáttameðferð var komið á í forsjármálum árið 2016 og hefur það reynst hjálplegt mörgum. Hins vegar er sáttameðferð skyldubundin ef ágreiningur er í forsjár- og umgengnismálum þrátt fyrir að ljóst þyki að sáttameðferð sé ekki viðeigandi úrræði og tefji málsmeðferðina.

*Mælt er með að mat sé lagt á hvort sáttameðferð sé barni fyrir bestu.*

## F. Barnahús fyrir umgengnismál

Bæta þarf barnvæna aðstöðu fyrir viðtöl við börn sem eiga foreldra í deilum um umgengni. Það þarf að tryggja að barn þurfi ekki að endurtaka margoft frásögn sína. Barn getur þurft að margendurtaka sömu lýsingu á aðstæðum sínum og getur það haft slæm áhrif á líðan þess.

*Mælt er með að börnum foreldra í umgengnisdeilum verði gefinn kostur á viðtali við sérfræðing í Barnahúsi, eða við aðrar barnvænar aðstæður, á sama hátt og börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða annars konar slæmri reynslu.*

## Fjölskyldusameining (10. grein)

### A. Fylgdarlaus börn

Í samtölum við börn sem koma til landsins án fylgdarmanns og sækja um alþjóðlega vernd hefur komið í ljós að þau skortir aðstoð við að sækja um fjölskyldusameiningu og við móttöku fjölskyldunnar. Nauðsynlegt er að skýra og skrá alla ferla varðandi fjölskyldusameiningar þar sem hlutverk og skyldur allra aðila eru skýrðar og skilgreindar.

*Mælt er með að öll fylgdarlaus börn fái fræðslu og aðstoð við fjölskyldusameiningu, ferlar séu bættir og hlutverk allra aðila skýrt.*

## Aðstoð við foreldra (18. grein)

### A. Fæðingarorlof og dagvistun

Hlúa þarf heildrænt að barnafjölskyldum, tryggja samveru foreldra og ungbarna sem lengst svo tengslamyndun verði góð og stuðli að farsæld og hamingju barnsins. Því er mikilvægt að lengja fæðingarorlof í 18 mánuði og tryggja öllum börnum aðgang að leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi. Foreldrum þarf að vera gert kleift að



---

aðlaga vinnu að þörfum barna sinna án þess að þurfa að búa við fátæktarmörk og taka tillit til ólíkra fjölskyldumynstra. Atvinnulífið þarf að tryggja foreldrum frelsi og aðstöðu til að annast börn sín eins og þurfa þykir hverju sinni og bera ábyrgð á velferð barnanna í samfélaginu með ríki og sveitarfélögum. Skoða ætti styttingu vinnuvikunnar sem dæmi um aðgerð til að minnka álag á fjölskyldufólk.

*Mælt er með að fæðingarorlof verði lengt í 18 mánuði og leikskólavist tryggð að loknu orlofi. Þá stuðli stjórnvöld að fjölskylduvænu atvinnulífi, s.s. með aðgerðum sem gera styttingu vinnuvikunnar mögulega.*

### **B. Tilkynningarskylda**

Heimili barns á að vera griðastaður þess og fjölskyldan það umhverfi sem barnið upplifir öryggi með í bestu mögulegu aðstæðum til að þroskast og blómstra. Heilt yfir eru foreldrar vel í stakk búnir að sinna hlutverki sínu þannig að barnið njóti allra sinna réttinda en þar sem upp á vantar er mikilvægt að bæta úr. Þekking á mannréttindum barna ætti að vera almenn og foreldrasamfélagið betur upplýst og betur í stakk búið að bregðast við mannréttindabrotum gegn börnum sínum eða annarra. Lögum samkvæmt eru allir skyldugir til að hafa vakandi auga með börnum og tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir hafa grun um að barn búi við óviðunandi aðstæður á einhvern hátt eða sé í hættu.

*Mælt er með markvissri kynningu á tilkynningarskyldunni meðal fagfólks og almennings, þ.á m. hvert skuli tilkynna og hvernig barnaverndaryfirvöld bregðast við.*

### **C. Barnaverndaryfirvöld**

Stjórnvöld hafa tilkynnt að málefni barna séu í forgangi og settu á fót nefndir og ráð sem hafa það hlutverk að endurskipuleggja barnavernd. Sífellt fleiri verkefni hafa verið færð á hendur barnaverndaryfirvalda, þ.m.t. umsjón með börnum á flóttu, án viðeigandi fjármögnunar. Barnaverndarstarfsmenn segja of mikið vera að gera hjá sér í starfi, samkvæmt rannsókn frá árinu 2016.<sup>xvi</sup> Úrræði eru ekki nægilega mörg og málsmeðferðartími of langur og tilviljanakenndur. Börnum hefur verið mismunað um þjónustu eftir búsetu en afar mikilvægt er að gera börnum kleift að sækja þjónustu sem allra næst heimili sínu en ekki í öðru bæjarfélagi og landshluta.

*Mælt er með að endurskoðun barnaverndar verði hraðað og tryggt verði að þekking, fjármagn og mannaflí verði til staðar og að barnaverndaryfirvöldum verði gert kleift að sinna þeim verkefnum sem þeim er uppálagt að sinna með viðeigandi fjármagni.*

## **Umönnun utan fjölskyldu (20. grein)**

### **A. Rannsóknir á líðan barna í fóstri**

Á árinu 2017 voru 401 barn í fóstri. Litlar upplýsingar eru til um afdrif barna sem hafa verið í fóstri, tímabundið og varanlega. Mikilvægt er að hvetja til rannsókna á því hvernig börnum reiðir af í fóstri, bæði á meðan á fóstri stendur og jafnframt eftir að því lýkur. Ástæða er til að ætla að börnum sem fara snemma á ævinni í varanlegt fóstur reiði betur af í lífinu en börnum sem fara seint í fóstur.

*Mælt er með að þekking í málaflökknum verði aukin með rannsóknum og samtölum við börn sem hafa verið í fóstri.*

---

## VII: FÖTLUN, GRUNDVALLARHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA OG FÉLAGSÞJÓNUSTAN (GREINAR 6, 18, 23, 24, 26, 27, 33)

### Fötluð börn (23. grein)

#### A. Rannsóknir á stöðu fatlaðra barna

Fáar íslenskar heildarrannsóknir eru fyrir hendi um málefni fatlaðs fólks og eru rannsóknir um málefni fatlaðra barna þar ekki undanskildar. Þetta leiðir til þess að umræða um stöðu fatlaðra barna verður ómarkviss sem og ákvarðanir og stefnumótun stjórnvalda á þessu sviði.

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við frekari rannsóknir á þessu sviði og efla stefnumótun.*

#### B. Tölfræðileg gögn um stöðu fatlaðra barna

Tölulegum upplýsingum og öðrum áreiðanlegum upplýsingum og gögnum varðandi stöðu fatlaðra barna er verulega ábótavant. Sama varðar úrvinnslu og miðlun á þeim gögnum/upplýsingum sem liggja fyrir. Það er nauðsynlegt að stjórnvöld finni flöt á því hvernig þau ætli að halda utan um slík gögn og miðla þeim áfram.

*Mælt er með að stjórnvöld geri áætlanir um hvernig bæta skuli gagnaöflun um stöðu fatlaðra barna og hvenær henni skuli hrint í framkvæmd.*

#### C. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) var fullgiltur í september 2016.<sup>xvii</sup> Þann 31. maí 2017 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021.<sup>xviii</sup> Samningurinn hefur hins vegar ekki verið lögfestur, eins og gert var við Barnasáttmálann árið 2013, þrátt fyrir að Alþingi hafi þann 3. júní 2019 samþykkt þingsályktunartillögu um lögfestingu SFFR. Til að tryggja betur en nú er gert í íslenskum lögum að fötluð börn njóti mannréttinda til jafns við önnur börn er mikilvægt að samningurinn verði lögfestur. Niðurstöður íslenskra dómstóla sýna mikilvægi þess.

*Hvatt er til þess að stjórnvöld lögfesti samninginn og fylgi honum til hlítar þegar meta á stöðu og mannréttindi barna, sérstaklega þeim ákvæðum sem lúta að réttindum fatlaðra barna og skyldum stjórnvalda gagnvart þeim.*

#### D. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks tekur við af fyrri þingsályktun fyrir árin 2012–2017. Nýja áætlunin tilgreinir 39 verkefni á sjö málefnasviðum sem taka til aðgengis, atvinnu, heilsu, ímyndar og fræðslu, menntunar, sjálfstæðs lífs og þróunar þjónustu. Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar eru að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd, en SRFF kallast á við aðra lagaumgjörð líkt og mannréttindaákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands og Barnasáttmálann. Með innleiðingunni verði stuðlað að því að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, geti lifað sjálfstæðu lífi og njóti mannréttinda til jafns við aðra. Verkefni áætlunarinnar eiga í meginatriðum að taka til alls fatlaðs fólks, óháð aldri, búsetu, skerðingum o.fl. Því á öll opinber grunnþjónusta að standa íbúum til boða án tillits til fötlunar. Framkvæmdaáætluninni fylgir takmarkað fjármagn og lítur vissulega vel út á pappír en veldur engan veginn markmiðum sínum og færi því betur á að kalla hana stefnuáætlun þar sem aðgerðum hennar er ekki sinnt sem skyldi. Þess má geta að einungis einu verkefni hefur verið hrundið í framkvæmd og er takmarkaðar upplýsingar að finna um framkvæmd aðgerða.

---

*Mælt er með að framkvæmdaáætlun í málefnum barna verði fjármögnuð, að stjórnvöld haldi utan um framkvæmd aðgerða innan hennar og upplýsi almenning um þær.*

#### *E. Hindranir í umhverfi fatlaðra barna*

Fötluð börn mæta margs konar hindrunum í umhverfi sínu, áþreifanlegum og óáþreifanlegum. Aðgengi að manngerðu umhverfi og upplýsingum er ábótavant. Þá er til staðar sú tilhneiging að líta svo á að fötluð börn hafi ekki getu til þess að tjá sig um það sem þau varðar. Staðalímyndir og fordómar eru til staðar sem eru til þess fallin að koma í veg fyrir að fötluð börn fái tækifæri til þess að tjá sig og að þau eigi erfðara með að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Rannsóknir endurspeglar það að lítil fræðsla er fyrir börn og ungmenni, og fyrir almenning um fatlað fólk, og bent er á að mikil þörf sé fyrir aukna fræðslu til að vinna gegn fordómum.<sup>xix</sup>

*Mælt er með að stjórnvöld fræði almenning um réttindi og stöðu fatlaðra barna og vinni markvisst gegn fordómum í samfélaginu.*

#### *F. Fötluð börn af erlendum uppruna*

Innflytjendum hefur fjölgað mikið á Íslandi á undanförunum árum. Margt bendir til að fötluð börn innflytjenda njóti ekki sömu tækifæra og mannréttinda og önnur fötluð börn í landinu. Ástæður þessa kunna að vera margvíslegar og mismunandi. Augljós hætta er á að þessi börn kunni að verða fyrir mismunun, jafnvel margþættri, af ástæðum sem fara í bága við alþjóðleg mannréttindi, s.s. á grundvelli uppruna, tungumáls, trúarbragða, kynþáttar eða litarháttar. Skortur er á áreiðanlegum upplýsingum um stöðu þessara barna sem takmarkar möguleika til upplýstrar umræðu og töku ákvarðana á grundvelli áreiðanlegra upplýsinga og markvissrar stefnumótunar og aðgerða stjórnvalda. Margþætt mismunun er líklegri til þess að eiga sér stað varðandi fötluð börn af erlendum uppruna og er mikilvægt að litið sé sérstaklega til þess hóps og aðstæðna þeirra svo mismunun á þjónustu eigi sér ekki stað. Börn af pólskum uppruna hafa t.a.m. ekki fengið talþjálfun á móðurmáli sínu þar sem pólskumælandi talmeinafræðingi var synjað um starfsleyfi, en það getur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar í för með sér og skert líf þeirra barna til muna.

*Mælt er með að stjórnvöld bregðist við alvarlegri stöðu fatlaðra barna af erlendum uppruna og leitist við að bæta þjónustuna við þau, m.a. með því að efla móðurmálskennslu.*

#### *G. Lög um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir*

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi 1. október 2018. Í lögnum eru stigin mikilvæg framfararskref. Í markmiðsákvæði laganna segir að þegar fötluð börn og fjölskyldur þeirra eiga í hlut beri að framfylgja Barnasáttmálanum. Þá segir um stoðþjónustu sveitarfélaga að hún skuli m.a. miðast við þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Jafnframt er kveðið á um að miða skuli við þarfir fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna. Ennfremur skuli tryggja að fötluð börn fái nauðsynlega þjónustu svo að þau geti notið mannréttinda og mannhelgi til jafns við önnur börn, lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Þá skulu fötluð börn hafa raunverulegan aðgang að og njóta menntunar, þjálfunar, starfsundirbúnings og tómtunda. Í öllum aðgerðum sem snerta fötluð börn skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu og stuðla að félagslegri aðlögun og þroska þess. Fötluð börn hafi rétt til að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós með tilliti til aldurs þeirra og þroska en þeirri meginreglu er sjaldnast fylgt í framkvæmd. Fjölskyldur fatlaðra barna eiga að fá nægilega þjónustu til þess að fötluð börn þeirra geti notið réttinda sinna til fulls og jafns við aðra.

*Hópurinn fagnar þessum breytingum og mælir með að stjórnvöld fylgi markmiðum laganna eftir með fjármagni og skilvirku eftirliti.*

#### *H. Notendastýrð persónuleg aðstoð fyrir börn*

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tryggja börnum notendastýrða persónulega aðstoð. Aðstoðin er mikilvægur liður í að efla sjálfstæði og þátttöku barna í samfélaginu. Nú þegar hafa börn

---

fengið umsókn um slíka aðstoð samþykkt, hins vegar er aðstoðin ekki veitt vegna skorts á fjármagni. *Mælt er með að stjórnvöld tryggji börnum með langvarandi stuðningsþarfir aðgengi að notendastýrðri persónulegri aðstoð og stuðli þannig að sjálfstæði þeirra og þátttöku.*

#### *I. Eftirlit með þjónustu við fötluð börn*

Fötluð börn og önnur börn með sérþarfir hafa í gegnum tíðina og allt til dagsins í dag liðið fyrir skort á fullnægjandi eða viðeigandi þjónustu á flestum sviðum þjónustukerfa er varða daglegt líf þeirra. Önnur þurfa að bíða lengi eftir rétttri greiningu og á meðan á biðinni stendur fá þau takmarkaða þjónustu ef einhverja. Loka-greining er enn forsenda fyrir þjónustu. Enn eru t.d. langir biðlistar eftir því að koma barni að hjá talmeinafræðingi og sum börn komast ekki að í frístund.

*Mælt er með að ríkið haldi uppi skilvirku eftirliti með þjónustu sveitarfélaga svo börn verði ekki fyrir mismunun, s.s. á grundvelli búsetu eða annarra þátta.*

#### *J. Félags- og menningarstarf fatlaðra barna*

Rannsóknir sýna að skerðingar fatlaðs fólks eru yfirleitt taldar réttmæt forsenda þess að halda því frá öðrum í félags- og menningarstarfi. Fordómar eru m.a. helsta ástæða þess að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, og þá einkum fólk með þroskahömlun, fær eingöngu að taka þátt í íþróttum og öðru tómstundastarfi með takmörkuðum hætti. Þátttaka er nátengd aðgengi en skortur á aðgengi veldur því að fatlað fólk getur ekki tekið þátt í slíku starfi.<sup>xx</sup>

*Mælt er með að stjórnvöld skýri betur skyldur allra aðila til að tryggja jafnt aðgengi fatlaðra barna að félags- og menningarstarfi.*

#### *K. Menntun fatlaðra barna*

Nám fatlaðra ungmenna er takmarkað og það er mun einhæfara en gengur og gerist hjá ófötluðum jafnöldrum þeirra. Dæmi eru um að börn fái ekki viðeigandi námsgögn til þess að geta stundað nám sitt. Þá er jafnræðis ekki gætt þegar kemur að aðgengi fatlaðra barna að framhaldsskólum. Slíkt hefur veruleg áhrif á þátttöku þeirra á vinnumarkaði og á virka samfélagslega þátttöku almennt.

*Mælt er með að stjórnvöld hraði þróun námsframboðs og fjölgi atvinnutækifærum fyrir fötluð ungmenni. Tryggja þarf að börn fái námsgögn við hæfi.*

#### *L. Bið eftir þjónustu*

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er miðlæg þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem starfar á þverfaglegum grunni og sinnir börnum að 18 ára aldri hvar sem þau búa á landinu. Greiningarstöð sinnir snemmtækri íhlutun þar sem áhersla er lögð á markvissar aðgerðir til að hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. Hjá Greiningarstöð eru tæplega 340 börn á biðlista eftir greiningu. Dæmi eru um að börn á aldrinum tveggja til sex ára þurfi að bíða í allt að 19 mánuði eftir greiningu og börn á aldrinum frá sex til átján ára í allt að 16 mánuði. Samkvæmt forstöðukonu Greiningarstöðvar sinnir stöðin ekki lagalegum skyldum sínum gagnvart þeim hópi sem er á biðlista.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggji að börn þurfi ekki að bíða eftir lögbundinni þjónustu og að stöðugildum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð verði fjölgað. Þá þarf að tryggja nægilegt fjármagn til leik- og grunnskóla með hverju barni á meðan það hefur ekki greiningu frá stöðinni.*

#### *M. Hjálpartæki*

Takmarkanir eru á rétti barna til hjálpartækja. Samkvæmt gildandi regluverki er réttur einstaklinga, barna og fullorðinna, til hjálpartækja fyrst og fremst fólgin í fjárstuðningi frá Sjúkratryggingum Íslands til að kaupa slík tæki. Styrkirnir eru veittir til kaupa á hjálpartækjum til sjálfsbjargar og öryggis og í ákveðnum tilvikum

---

til þjálfunar og meðferðar. Hins vegar er styrkur ekki greiddur ef hjálpartæki er eingöngu til nota í frístundum eða til afþreyingar (þ.á m. útivist og íþróttir). Ennfremur er ekki veittur styrkur til að kaupa aukahjálpartæki til að hafa á heimili aðstandenda ef viðkomandi býr annars staðar eða er á heimavist skóla. Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur túlkað framangreindar reglur með ströngum hætti og hefur í sumum tilvikum neitað að horfa til sanngirnissjónarmiða og einblínt á orðalag reglnanna. Börnum sem eiga heimili á tveimur stöðum þar sem foreldrar fara með sameiginlegt forræði hefur verið synjað um hjálpartæki sem þeim eru nauðsynleg á bæði heimilin á þeim forsendum að takmarka þurfi styrki til kaupa á hjálpartækjum við eitt eintak af hverju nauðsynlegu hjálpartæki. Eðli málsins samkvæmt eru tækin ekki öll þess eðlis að hægt sé að flytja þau reglulega milli staða.

*Mælt er með að lög um hjálpartæki tryggi börnum sem búa á tveimur heimilum aðgengi að nauðsynlegum hjálpartækjum og rétt barna til frístunda og afþreyingar.*

## **Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta (24. grein)**

### **A. Bólusetningar**

Börn eru háð samþykki foreldra sinna þegar kemur að lífsnauðsynlegum bólusetningum. Bólusetningar eru samfélagslega mikilvægar og koma í veg fyrir sjúkdóma sem í sumum tilfellum eru lífshættulegir, þá sérstaklega í tilfelli ungbarna, aldraðra og ónæmisbæðra. Réttur foreldra til að velja hvort bólusetja eigi börn þeirra endar þar sem réttur fyrrgreindra hópa til lífs og heilsu byrjar, og því ættu bólusetningar allra barna að vera skylda nema rík ástæða sé til annars að mati sérfræðinga.

*Mælt er með að stjórnvöld skyldi öll börn í bólusetningu, óháð samþykki foreldra, nema rík ástæða sé til annars að mati sérfræðinga.*

### **B. Sjaldgæfir sjúkdómar**

Skortur hefur verið á viðeigandi stuðningi og aðstoð fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma og sjaldgæf heilkenni og fjölskyldur þeirra.

*Mælt er með að sérhæfðu teymi verði komið á fót fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma og sjaldgæf heilkenni og fjölskyldur þeirra til að tryggja upplýsingar og stuðning.*

### **C. Fræðsla til fólks sem starfar með börnum**

Skortur hefur verið á fræðslu í grunnskólum á vegum skólahjúkrunarfræðinga varðandi langvinna sjúkdóma og fatlanir, bæði til starfsfólks og nemenda. Börn hafa kvartað undan því að skilningur á sjúkdómum þeirra sé ekki fyrir hendi.

*Mælt er með að stjórnvöld leiðbeini heilsugæslum um hvernig skuli fræða heilbrigðisstarfsfólk um langvinna sjúkdóma og fatlanir.*

### **D. Forvarnir á auðskildu máli**

Forvarnir og fræðsla þarf að ná til allra barna og ungmenna en lítið fer fyrir slíkum verkefnum á auðskildu máli.

*Mælt er með að stjórnvöld miði forvarnastarf sitt að ólíkum hópum barna með ólíkar þarfir.*

### **E. Sálfræðiþjónusta**

Geðheilbrigðismál barna hafa verið mjög áberandi og ákall er meðal barna og ungmenna um bætt og víðtækari þjónustu. Stjórnvöld hafa brugðist við af veikum mætti og nauðsynlegra úrbóta er þörf. Enn eru langir biðlistar eftir sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum á landsvísi og á sumum landsvæðum þjónar einn sálfræðingur stóru þjónustusvæði sem telur fleiri en eitt sveitarfélag. Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra

---

barna að geðheilbrigðisþjónustu og huga sérstaklega að því að börn með þroskahömlun og/eða einhverfu hafi aðgang að sálfræðiþjónustu, sem tekur mið af aðstæðum þeirra og þörfum, með tilliti til fötlunar þeirra.

*Mælt er með að stjórnvöld svari kalli barna á Íslandi eftir betri geðheilbrigðisþjónustu við hæfi allra barna.*

#### *F. Barna- og unglingsgeðdeild*

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala (BUGL) er ætluð börnum og unglingsum að 18 ára aldri. Biðlistar á legudeild BUGL eru langir, en deildin er ætluð þeim sem þurfa á tímabundinni innlögn að halda vegna geðræns vanda. Göngudeild BUGL er einungis opin virka daga kl. 8–16 en göngudeildin veitir bráðaþjónustu. BUGL hefur því ekki haft burði í að taka á móti þeim fjölda barna sem þurfa aðstoð. Í september 2018 var 17 ára gamalli stúlku í geðrofi vísað frá Sjúkrahúsinu á Akureyri og hún vistuð í fangaklefa næturlangt þar sem hún var sögð of veik til þess að leggjast inn á sjúkrahús. Sama stúlka hafði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á Sjúkrahúsinu Vogu.<sup>xxi</sup>

*Mælt er með að stjórnvöld efli til muna barnageðlækningar, s.s. með auknum fjármunum til Barna- og unglingsgeðdeilda, auknum stöðugleika í starfsemi, að starfsaðstæður séu bættar og að starfsfólk geti betur sinnt störfum sínum. Efla þarf fyrsta og annars stigs þjónustu til að minnka álag á BUGL, auk þess sem bæta þarf eftirfylgni með börnum sem njóta þjónustunnar.*

#### *G. Kynheilbrigði ungmenna*

Ungmenni hafa bent á skort á kynfræðslu til að stuðla að heilbrigðum samskiptum og mæta samfélagslega mótuðum hugmyndum um kynlíf og sambönd. Efla þarf kynfræðslu til muna fyrir börn og ungmenni, með ólíkar þarfir í huga, s.s. vegna aldurs, uppruna eða fötlunar.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi góða kynfræðslu til allra barna og ungmenna, sem unnin er af fagaðilum, og leggi áherslu á samskipti og heilbrigð sambönd. Þá er mikilvægt að efla menntun í kynjafræði.*

#### *H. Ófrjósemisaðgerðir á börnum*

Á árunum 2013–2017 voru framkvæmdar fimm ófrjósemisaðgerðir á börnum undir 18 ára aldri, ein hjá dreng og fjórar hjá stúlkum. Í fjórum tilvikum voru forsendur umsóknar: „Ef sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu hennar/hans til að annast og ala upp börn.“ Reynslan sýnir að fötluð börn eru líklegri en önnur til að þurfa að þola ófrjósemisaðgerðir, en slíkt brýtur alvarlega gegn samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hugsa verður sérstaklega að því að verja fötluð börn gegn ófrjósemisaðgerðum.

*Mælt er með að stjórnvöld láti alfarið af framkvæmd ófrjósemisaðgerða á börnum.*

### **Aðgerðir til að vinna gegn fátækt og ójafnrétti (27. grein)**

#### *A. Fátækt*

Á Íslandi ríkir almenn velsæld. Í samfélaginu er þó töluverður ójöfnuður sem þarf að eyða svo öll börn búi við jafngóð tækifæri til að blómstra við bestu mögulegu lífsskilyrði. Árið 2016 áttu um 14% barna á hættu að búa við fátækt á Íslandi skv. rannsókn Barnaheilla. Á Íslandi búa fleiri börn en fullorðnir við fátækt, ólíkt því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Gríðarlega mikilvægt er að jafna efnahagslega stöðu barna á Íslandi sem allra fyrst. Mikilvægt er að uppræta fátækt á Íslandi því að fátækt er ástand sem ekkert barn á að alast upp við. Sýnt hefur verið fram á tengsl fátæktar við alls kyns ofbeldi, útilokun og vanrækslu. Börn öryrkja, einstæðra foreldra með og án forsjár og innflytjenda eru líklegri til að búa við fátækt.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi jöfnuð og jöfn tækifæri barna án mismununar. Nýta þarf þekktar leiðir til að tryggja viðunandi framfarir fólks með tilliti til jafnar stöðu allra barna. Mikilvægt er að einstaklingsbundin úrræði nýtist sem best og að aðgengi barna sem búa við fátækt að fjölbreyttum tækifærum til að njóta hæfileika sinna sé bætt, sérstaklega að börn geti haldið áfram námi óháð fjárhagsstöðu foreldra.*

---

## B. Húsnæðisstuðningur

Á Íslandi fer mun hærrí hluti ráðstöfunartekna fjölskyldna í húsnæði en í nágrannalöndum. Þau sem verst standa eru á leigumarkaði og búa við háa leigu, óöryggi og tíða flutninga. Það skapar oft óöruggar aðstæður sem hafa slæm áhrif á börn þegar þau þurfa að skipta oft um skóla og ná ekki að festa rætur sem leiðir jafnvel til félagslegrar einangrunar. Einnig býr hluti barna í ófullnægjandi húsnæði. Hætt er við því að foreldrar sem eru á leigumarkaði séu illa í stakk búnir að tryggja lágmarksframfærslu barna sinna.

*Mælt er með að stjórnvöld bregðist við ójöfnuði fjölskyldna á húsnæðismarkaði og tryggi aðgengi að leiguíbúðum á viðráðanlegu verði, sem og auðveldi kaup á eigin húsnæði.*

## C. Veikindi barns og aðstöðumunur foreldra

Börn búa við mismunun á Íslandi hvað varðar rétt þeirra til að hafa foreldra hjá sér þegar þau eru veik. Í kjarasamningum er kveðið á um ýmis réttindi sem launþegar hafa. Þar má nefna veikindarétt og rétt til að vera heima vegna veikinda barna. Mismunandi er eftir stöðu fólks á vinnumarkaði hver rétturinn er en hann er allt að sex mánuðir. Erfitt er að finna upplýsingar á vefsíðum stéttarféлага um rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna. Jafnframt getur verið flókið fyrir foreldra að vita um rétt sinn og sækja hann. Það er algjörlega óásættanlegt að börnum, sem þurfa sérstaka umönnun foreldra sinna vegna veikinda, sé mismunad vegna stöðu foreldra þeirra á vinnumarkaði, hvar þeir vinna, hvaða stéttarfélagi þeir eru í, hvort þeir er námsmenn, án atvinnu eða annað.

*Mælt er með að stjórnvöld tryggi að börn njóti sama réttar í lögum um almannatryggingar og að réttur barna til að hafa foreldra hjá sér í veikindum sé ekki tengdur kjarasamningum, heldur rétti barnsins til að njóta umönnunar foreldris í veikindum.*

## D. Börn sem aðstandendur

Mikilvægt er að skoða stöðu barna sem eru aðstandendur. Þar er m.a. átt við börn sjúklínga, börn fatlaðra foreldra, börn sem missa foreldri eða aðra nákomna og börn sem eru aðstandendur fanga. Fram hafa komið upplýsingar um að misvel sé búið að stuðningi við börn í þessum hópum og tilviljanakennt. Lög um rétt barna sem aðstandenda voru samþykkt árið 2019, sem tryggir betri stuðning við þennan hóp barna.<sup>xxii</sup>

*Mælt er með að sett verði heildstæð stefna fyrir landið allt um þjónustu við börn sem þurfa sérstakan stuðning sem aðstandendur.*

---

## VIII.: MENNTUN, TÓMSTUNDIR OG MENNINGARMÁL (GREINAR 28, 29 OG 31)

### Réttur til menntunar (28. grein)

#### A. Brotthvarf í framhaldsskólum

Stjórnvöld settu sér markmið um að brotthvarf úr framhaldsskólum yrði 10% árið 2020. Þær áætlanir hafa ekki gengið eftir. Skólaskylda er eingöngu til 16 ára aldurs, sem þýðir að réttur barna á aldrinum 16–18 ára til menntunar er ekki tryggður. Þá bera nemendur framhaldsskóla sjálfir kostnað af námsgögnum og skráningargjöldum. Fyrir utan mikilvæga menntun tryggja framhaldsskólar börnum aðgengi að námsráðgjöfum og sálfræðingum og ætti því að tryggja aðgengi allra barna.

*Mælt er með að stjórnvöld leggi fram aðgerðaáætlun um minnkun brotthvarfs í framhaldsskólum og kanni kosti þess að hækka skólaskyldualdur til 18 ára, ásamt því að lækka kostnað nemenda.*

#### B. Brotthvarf barna af erlendum uppruna

Brotthvarf barna af erlendum uppruna í framhaldsskólum er enn vandi. Nýjustu upplýsingar um brotthvarf í framhaldsskólum eru frá árinu 2014, en 22% þeirra nemenda af erlendum uppruna sem hófu nám árið 2010 útskrifuðust. Nýjustu tölur varðandi skólasókn framhaldsskólanema eru frá árunum 2012 og 2013 en þá sóttu að meðaltali rúm 95% 16 ára barna framhaldsskóla og tæp 83% 18 ára nemenda. Skólasókn 16 ára barna var minnst meðal innflytjenda. Rúmlega 86% þeirra sóttu skóla en hlutfallið hafði lækkað í tæp 65% við 18 ára aldur.

*Mælt er með að stjórnvöld bregðist við brotthvarfi barna af erlendum uppruna með sértækum aðgerðum. Líta þarf til allra skólastiga, bæta undirbúning barna fyrir framhaldsskóla og stuðla að góðum tengslum.*

#### C. Móðurmálskennsla barna af erlendum uppruna

Staða barna sem flytjast til landsins er afar misjöfn og er mikill skortur á móðurmálskennslu fyrir þennan hóp barna. Afar mikilvægt er að bregðast við skorti á menntun fyrir börn á þeirra eigin tungumáli og að námið sé hluti af gjaldfrjálsri grunnmenntun barna. Nú fá börn af erlendum uppruna einungis aðgang að móðurmálskennslu hjá sjálfboðaliðum sem reka tungumálaskóla og hafa fengið lánaða aðstöðu til kennslu á tímum sem önnur börn eru í fríu eða í frístundum, s.s. eftir venjulegan skólatíma eða um helgar.

*Mælt er með að öll börn fái góða gjaldfrjálsa kennslu í móðurmáli sínu, á ábyrgð íslenska ríkisins, svo þeim veitist sömu tækifæri til náms og börnum af íslenskum uppruna.*

### Markmið og gæði menntunar (29. grein)

#### A. Barnmiðuð menntastefna Reykjavíkurborgar

Í nóvember 2018 setti Reykjavíkurborg sér menntastefnu til ársins 2030. Stefnan tekur mið af ákvæðum Barnasáttmálans og leggur áherslu á besta mögulega þroska hvers einstaklings og þátttöku barna í mótun eigin náms. Stefnan er afrakstur samstarfs borgarþúa með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, kennara, stjórnenda, foreldra, kjörinna fulltrúa ásamt innlendum og erlendum ráðgjöfum.

*Fagna ber þessu frumkvæði Reykjavíkurborgar og vinnu við að tryggja aðkomu barna við gerð stefnunnar. Mælt er með virkri þátttöku barna og ungmenna við mótun menntastefnu stjórnvalda og sveitarfélaga.*



## B. Réttindi barna í aðalnámskrá og fræðsla til fagstétta

Nefndin ráðlagði stjórnvöldum að bæta réttindum barna við aðalnámskrá og að bæta þjálfun og fræðslu allra fagstétta sem vinna með og fyrir börn, sérstaklega lögreglumanna, kennara, heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks sem vinnur við umönnun. Barnasáttmálinn er nú hluti af aðalnámskrá, en hins vegar er fræðslu um Barnasáttmálann ábótavant meðal þeirra starfsstétta sem koma að þjónustu við börn. Í kennaranámi eru réttindi barna ekki hluti af skyldunámi. Það sama á við um heilbrigðisstéttir, lögreglunám og lögfræði svo eitthvað sé nefnt.<sup>1</sup>

*Mælt er með að nám allra starfsstétta sem koma að þjónustu við börn innihaldi skylduáfangu um réttindi barna og Barnasáttmálann.*

## C. Réttindafræðsla fyrir börn

Stjórnvöld hafa ekki sinnt réttindafræðslu fyrir börn sem skyldi. Slík fræðsla hefur verið í höndum frjálsra félagasamtaka og nær ekki til allra barna á Íslandi. Árið 2009 var opnuð heimasíðan barnasattmali.is, sem byggði á samstarfi frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda og innihélt efni sáttmálans og námsefni því tengt. Ekkert fjármagn fylgdi verkefninu til að viðhalda og uppfæra síðuna með reglubundnum hætti, en árið 2018 veittu stjórnvöld fjármagni í gerð nýrrar síðu sem tekin verður í gagnið á árinu 2020.

*Mælt er með að stjórnvöld setji sér skýra stefnu um réttindafræðslu fyrir börn, sem nái til allra barna á Íslandi, og framfylgi henni.*

## Hvöld, leikur, tómstundir, afþreying, menning og listræn starfsemi (31. grein)

### A. Viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum

Mikilvægum áfanga var náð vorið 2018 þegar gefin voru út markmið og viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum fyrir 6–9 ára börn. Markmiðið er að öll börn og ungmenni hafi daglegan og greiðan aðgang að tómstundastarfi og skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem byggja á þeim þáttum sem grundvallast á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi ungs fólks að 18 ára aldri.

*Mælt er með að gerður verði lagalegur rammi utan um skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf á Íslandi. Æskilegt er að vettvangur frítímans, æskulýðs- og tómstundastarfs í heild lúti heildarlöggjöf. Jafnframt að farið verði í áframhaldandi vinnu og útgáfu á markmiðum og viðmiðum um gæði starfs í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum fyrir 10–18 ára börn og ungmenni.*

### B. Efling starfsemi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa

Mikilvægt er að auka vitund stjórnenda sveitarfélaga á því að íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf þarf að vera samfellt gegnum alla barnæskuna eins og kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

*Mælt er með að stjórnvöld efli starf félagsmiðstöðva fyrir börn á miðstigi grunnskóla og auki starfsemi ungmennahúsa fyrir ungmenni sem lokið hafa grunnskólagöngu og að ungmennum sé boðið upp á skipulagt og faglegt æskulýðs- og tómstundastarf að 18 ára aldri.*

### C. Hreyfing og þátttaka í íþróttum

Hreyfing og þátttaka í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi er einn af lykilþáttum heilbrigðis á lífsleiðinni. Niðurstöður rannsókna á vegum Rannsókna & greiningar benda til að regluleg hreyfing og þátttaka í íþrótt- og æskulýðsstarfi á Íslandi auki líkur á langlífi og meiri lífsgæðum en ella og því mikilvæg forvörn gegn ýmsum sjúkdómum, bæði líkamlegum og andlegum. Sýnt hefur verið fram á að regluleg hreyfing og þátttaka í skipulögðu starfi hefur jákvæð áhrif á andlega og félagslega heilsu og eru vísbendingar um að andleg vellíðan sé betri hjá þeim sem stunda íþróttir með skipulögðum hætti en hjá þeim sem iðka þær ekki eða stunda íþróttir án skipulegs ramma utan um starfið.

<sup>1</sup> Samkvæmt kennsluskram Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst 2018–2019 eru réttindi barnsins hluti af námskeiðslýsingu í fjölskyldurétti á meistarastigi í lögfræði í HA. Þá er námskeið um mannréttindi almennt, m.a. Barnasáttmálann, skyldufag í þroskaþjálfarafræði við HÍ. Í mastersnámi í sérkennslufræðum í HÍ er þekking á BSSP eitt af hæfniviðmiðunum en er ekki getið í námskeiðslýsingu. Í lagagild HÍ eru mannréttindi barna kennd sum ár sem valfag.

---

*Mælt er með að stjórnvöld styðji við forvarnahlutverk félagsmiðstöðva, ungmennahúsa og íþrótt- og ungmennafélaga til að efla og styrkja heilsu og velferð barna og unglinga, hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfinu.*

#### *D. Jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi*

Börn og ungmenni hafa ekki jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi. Meira framboð er í þéttbýli en í dreifbýli, auk þess sem fötluð börn og börn af erlendum uppruna falla gjarnan utan starfs íþrótt- og ungmennafélaga. Tryggja þarf aðgang að tómstundum óháð fötlun, efnahag, uppruna og lagalegri stöðu barna, og koma þarf í veg fyrir að frístundastyrkir séu nýttir í annað en skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarfi. Öll börn eiga rétt á að fá upplýsingar um hvað sé í boði fyrir þau og fá tækifæri og stuðning til þátttöku í því starfi. Tungumálaörðugleikar, eða skortur á upplýsingum um skipulagt æskulýðs- og íþróttastarf á öðrum tungumálum en íslensku, geta valdið því að börn og ungmenni af erlendum uppruna missi af tækifærum til þátttöku í starfinu. Stjórnvöldum ber að stuðla að því að öllum börnum og ungmennum séu tryggð jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi án mismununar af nokkru tagi.

*Mælt er með að stjórnvöld auki framlög í málaflökkinn, sjái til þess að fjármögnun íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfs sé tryggð til langtíma og að jafnræðis sé gætt við úthlutun fjármagns til þeirra sem vinna með ungu fólki. Tryggja þarf að fötluð börn fái viðeigandi stuðning til að stunda íþróttir og tómstundir að eigin vali. Bæta þarf upplýsingar til barna af erlendum uppruna um framboð á skipulögðu íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi. Auka þarf skipulagt starf félagsmiðstöðva, ungmennahúsa og ungmenna- og íþróttafélaga fyrir 10–25 ára.*

#### *E. Forvarnagildi íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfs*

Enginn vafi er á því að íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf er ein mikilvægasta starfsemin í þágu barna og unglinga í samfélaginu. Niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar á Íslandi benda til að þátttaka í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur jákvæð áhrif á líðan ungmenna og dregur úr áhættuhegðun á borð við áfengisneyslu, reykingar og steranotkun.<sup>xxiii</sup>

*Mælt er með að stjórnvöld skapi hagstæð skilyrði svo öll börn eigi kost á því að stunda íþróttir eða tómstundir og geti tekið þátt í frjálssri hreyfingu og starfi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa utan skólatíma.*

#### *F. Barnamenningsjódur*

Sumarið 2018 samþykkti Alþingi, í tilefni af aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands, að stofnaður yrði Barnamenningsjódur Íslands. Markmið sjóðsins er að fjármagna og styrkja verkefni á sviði barnamennings. Jafnframt verði lögð áhersla á verkefni sem efla samfélagsvitund barna og ungmenna og stuðli að lýðræðislegri þátttöku þeirra í samfélaginu. Horft er til þess að þetta stuðli að áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Markmið sjóðsins er að uppfylla ákvæði 31. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með því að styrkja verkefni sem unnin eru fyrir börn, með börnum og af börnum.

---

## IX: SÉRSTÖK VERND (GREINAR 22, 30, 32, 33, 35, 36, 37 B-D, 38-40)

### Börn sem flóttamenn (22. grein)

#### A. Mat á framkvæmd nýrrar útlendingalöggjafar

Ný útlendingalöggjöf tók gildi á Íslandi í janúar 2017. Rannsókn á lögunum sýndi að markmið þeirra eru í samræmi við markmið Barnasáttmálans.<sup>xxiv</sup> Aftur á móti eru ýmsir annmarkar á framkvæmd laganna þegar kemur að réttindum barna.

*Mælt er með að stjórnvöld geri athugun á framkvæmd laganna og geri áætlun um hvernig megi ná fram markmiðum þeirra.*

#### B. Stefna um móttöku barna sem sækja um alþjóðlega vernd

Fjöldamörg álitamál hafa komið fram um stöðu barna í leit að alþjóðlegri vernd á Íslandi á undanförunum árum. Mikil aukning varð á umsóknum um vernd árin 2015 og 2016, en þá var ríkið alls ekki í stakk búið til að bregðast við og þjónusta börn eins og þau áttu rétt á. Helst var það áhyggjuefni að börnum var komið fyrir í óbarnvænum aðstæðum, þau höfðu ekki aðgang að heilsufarsskoðun og menntun fyrr en eftir of langan tíma, á þau var ekki hlustað eða þau ekki látin njóta réttar síns til tjáningar í viðtölum við útlendingayfirvöld og fleira. Margt hefur breyst til batnaðar en þó sýna samtöl við börn og hagsmunaaðila að enn þurfi að bæta þjónustuna við þennan hóp, s.s. mat á því sem barni er fyrir bestu, gæði aldursgreininga, umönnun og barnavernd fylgdarlausra barna, gæði húsnæðis og aðbúnaðar, aðgengi að menntun og tómstundum.

*Mælt er með að stjórnvöld setji skýra stefnu um móttöku barna sem sækja um alþjóðlega vernd og jafni stöðu barna milli þjónustuaðila.*

#### C. Aldursgreiningar á börnum sem sækja um alþjóðlega vernd

Enn er stuðst við tanngreiningar þegar aldursgreining á sér stað en sú aðferð er umdeild og ekki í samræmi við kröfur laganna um heildrænt mat. Áður voru gefin upp skekkjumörk, sem geta verið þrjú ár, en nú felur matið í sér hvort viðkomandi sé yngri eða eldri en 18 ára. Einstaklingar hafa ekki alltaf verið látnir njóta vafans við túlkun matsins. Afleiðingarnar hafa verið miklar fyrir viðkomandi einstakling þar sem hann fær þá umsvifalaust þjónustu eins og fullorðinn einstaklingur.

*Mælt er með að stjórnvöld framkvæmi heildrænt aldursmat á börnum og leyfi börnum að njóta vafans eins og lög kveða á um. Einnig að veitt verði sérstök þjónusta við 18–21 árs með nauðsynlegum stuðningi.*

### Minnihlutahópar (30. grein)

#### A. Menningarnæmi

Síaukinn fjöldi barna af erlendum uppruna býr á Íslandi. Aukin þörf er orðin fyrir að virða mismunandi menningu og mikilvægt er að miðla upplýsingum til fólks sem starfar með og fyrir börn um menningu og hefðir ólíkra hópa barna.

*Mælt er með að stjórnvöld stuðli að fræðslu starfsfólks sem vinnur með börnum um menningarnæmi.*

---

## **Vinnuvernd (32. grein)**

### *A. Vinnuvernd og vernd gegn arðráni*

Börn byrja almennt ung að vinna hlutastörf og sumarstörf á Íslandi þótt vinnandi börnum fari fækkandi. Almenn gildir sú regla að ekki megi ráða börn í vinnu, en það eru undanþágur um að ráða megi börn eftir 13 ára aldur til léttara starfa. Bæta þarf fræðslu til barna um réttindi þeirra á vinnumarkaði, skattgreiðslur, öryggi, tryggingar og annað sem viðkemur þátttöku þeirra á vinnumarkaði.

*Mælt er með að stjórnvöld bæti fræðslu til barna um réttindi á vinnumarkaði, vinnuvernd, skattgreiðslur, tryggingar og fleira.*

## **Frelsissvipting (37. grein c)**

### *A. Fyrirvari Íslands við grein 37c*

Stjórnvöld drógu til baka fyrirvara við grein 37c, en samt sem áður eru engin sérsniðin úrræði fyrir börn sem fá óskilorðsbundinn dóm. Samkvæmt Barnaverndarstofu myndi barn afplána á einhverjum af meðferðarheimilum Barnaverndarstofu og mat lagt á hvar best væri fyrir barnið að vera út frá meðferðarþörf. Ef ungmenni yrði úrskurðað í gæsluvarðhald færi viðkomandi á neyðarvistun meðferðarheimilisins Stuðla. Frá því að fyrirvari Íslands við grein 37c Barnasáttmálans var afnuminn hefur ekki komið til þess að ungmenni sé dæmt til óskilorðsbundinnar refsingar. Hins vegar hafa verið kveðnir upp dómar þar sem viðkomandi ungmenni fær skilorðsbundinn dóm, auk þess sem kveðið hefur verið á um eftirlit barnaverndarnefndar. Ekki er vitað í hverju eftirlitið felst.

Mælt er með að stjórnvöld tryggi að börn sem fá skilorðsbundinn eða óskilorðsbundinn dóm fái viðeigandi stuðning.

- 
- i Utanríkisráðuneytið. *Alþjóðleg þróunarsamvinna*. Sótt 3.9.2019: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/>
- ii Mannlíf, 2019. „Kynþáttafordómar eru að aukast“, grein birt 27. september; Chanel Björk Sturludóttir, 2020. „Íslenska mannflóran“, Podcast, RÚV, 8. febrúar.
- iii Ari Klængur Jónsson, 2012. *Fyrirkomulag forsjar barna af erlendum uppruna: Samanburðarrannsókn*. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Fjölmenningarsetur. Sótt 11.2.2020: <http://www.humanrights.is/is/moya/news/fyrirkomulag-forsjar-barna-af-erlendum-uppruna>
- iv Umboðsmaður barna, 2017. *Helstu áhyggjuefni 2017*. Sótt 8.8.2018: <https://barn.is/media/483317/umbodsmadur-barna-helstu-ahyggjuefni-2017.pdf>
- v Heiðar Örn Ingimarsson, 2015. *Barnaslys í Reykjavík 2010–2014, alvarleiki og orsakir*. BS-verkefni. Sótt 8.8.2018: <https://skemman.is/bitstream/1946/21662/1/Barnaslys%202010-14%20alvarleiki%20og%20orsakir.pdf>
- vi Kristín Lilja Sigurðardóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir, 2018. Komur 4–18 barna á Landspítalann á árunum 2012–2017 vegna höfuðáverka – lýsandi rannsókn á algengi, orsökum og afleiðingum. BS-verkefni. Sótt 8.8.2018: [https://skemman.is/bitstream/1946/30471/1/BSritger%C3%B0\\_H%C3%B6fu%C3%B0%C3%A1verkar.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/30471/1/BSritger%C3%B0_H%C3%B6fu%C3%B0%C3%A1verkar.pdf)
- vii Umboðsmaður barna. *Öryggi*. Sótt 13.8.2018: <https://www.barn.is/malaflokkar/oeryggi/#k3>
- viii Hagstofa Íslands. *Dánir eftir dánarorsökum (Evrópski stuttlistinn), kyni og aldri 1981–2017*.
- ix UNICEF child friendly cities, 2017. Our Futures, Our Lives, Our Cities: News by Children for Children and Adults. Sótt 2.9.2019: <https://s25924.pcdn.co/wp-content/uploads/2018/03/Our-Futures-Our-Lives-Our-cities-Newspaper.pdf>
- x Þingsályktun um dag helgaðan fræðslu um mannréttindi barna. 145. löggjafarþing 2015–2016. Þskj. 1015 – 26. mál. Sótt febrúar 2020: <https://www.althingi.is/altext/145/s/1015.html>.
- xi Protected on Paper? An analysis of Nordic country responses to asylum-seeking children, 2018. Rannsóknarskýrsla Innocent. Rannsóknarmiðstöð UNICEF – Innocenti, Flórens. Sótt 11.2.20: <https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/un0185899.pdf>
- xii UNICEF á Íslandi, 2019. Staða barna á Íslandi: Ný tölfræði um þróun ofbeldis gegn börnum á Íslandi. Sótt 4.2.2020: [https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/stadabarnaaislandi\\_final\\_0.pdf](https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/stadabarnaaislandi_final_0.pdf)
- xiii Saman gegn ofbeldi, 2015. Sótt 4.2.2020: <https://www.logreglan.is/saman-gegn-ofbeldi/>
- xiv Drífa Jónasdóttir, 2018. Líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis og persónuleikaeinkenni ofbeldismanna. Samtök um kvænnaathvarf. Sótt 4.2.2020: <https://www.kvænnaathvarf.is/wpcontent/uploads/2019/09/20190930-Upplifun-og-1%C3%A-D%C3%B0an-%C3%BEolenda-2.pdf>
- xv Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um barnahjónabönd. 148. löggjafarþing 2017–2018. Þskj. 987 – 402. mál. Sótt í október 2018: <https://www.althingi.is/altext/148/s/0987.html>
- xvi Valgerður Rún Haraldsdóttir, 2016. Vinnuálag í barnavernd: Mæling á vinnu barnaverndarstarfsmanna. Meistaraverkefni. Sótt 8.8.2018: <https://skemman.is/bitstream/1946/26409/5/MA-ritger%C3%B0-Vrh2-%2520tilb%C3%BAi%C3%B02.pdf>
- xvii Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 145. löggjafarþing 2015–2016. Þskj. 1637 – 865. mál. Sótt í október 2018: <https://www.althingi.is/altext/145/s/1637.html>
- xviii Þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021. 146. löggjafarþing 2016–2017. Þskj. 1000 – 434. mál. Sótt í október 2018: <https://www.althingi.is/altext/146/s/1000.html>
- xix Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014. *Fordómar og félagsleg útskýfun: Samantekt á stöðu fatlaðs fólks eins og hún birtist í íslenskum rannsóknum frá árunum 2000–2013*. Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Bls. 21. Sótt í september 2018: [http://fotlunarfraedi.hi.is/files/Kristjana/Fordomar\\_og\\_felagsleg\\_utskufun\\_Juli2014\\_leidrett\\_agust2014.pdf](http://fotlunarfraedi.hi.is/files/Kristjana/Fordomar_og_felagsleg_utskufun_Juli2014_leidrett_agust2014.pdf)
- xx Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014. *Fordómar og félagsleg útskýfun: Samantekt á stöðu fatlaðs fólks eins og hún birtist í íslenskum rannsóknum frá árunum 2000–2013*. Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Bls. 30. Sótt í september 2018: [http://fotlunarfraedi.hi.is/files/Kristjana/Fordomar\\_og\\_felagsleg\\_utskufun\\_Juli2014\\_leidrett\\_agust2014.pdf](http://fotlunarfraedi.hi.is/files/Kristjana/Fordomar_og_felagsleg_utskufun_Juli2014_leidrett_agust2014.pdf)
- xxi Arnar Þór Ingólfsson, 2018. *Barn í gedrofi vistað í fangaklefa*. Mbl.is, 10. október. Sótt í október 2019: [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/10/10/barn\\_i\\_gedrofi\\_vistað\\_i\\_fangaklefa/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/10/10/barn_i_gedrofi_vistað_i_fangaklefa/)
- xxii Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda. 149. löggjafarþing. Þskj. 1707 – 255. mál. Sótt febrúar 2020: <https://www.althingi.is/altext/149/s/1707.html>.
- xxiii Sjá til dæmis: Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson, Margrét L. Guðmundsdóttir og John P. Allegrante, 2011. *Substance use prevention through school and community-based health promotion: a transdisciplinary approach from Iceland*. Global Health Promotion, 18(3), bls. 23–26. Sótt 11.2.2020: <https://doi.org/10.1177/1757975911412403>
- xxiv Protected on Paper? An analysis of Nordic country responses to asylum-seeking children 2018. Rannsóknarskýrsla Innocent. Rannsóknarmiðstöð UNICEF – Innocenti, Flórens. Sótt 11.2.2020: <https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/un0185899.pdf>
-

